


EIGUM BESTA RÍKA FÓLK Í HEIMI

Porsteinn Guðmundsson og Brynja Björk Garðarsdóttir setjast á rökstóla og ræða forsetaembættið, frægð og feegurð.



14-15

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. apríl 2007 – 90. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Löghlýðið nemendafélag

Óli Ásgeir Hermannsson og aðrir nemendur Lögregluskólans fá að kenna á tækjum og tólum lögreglunnar.

FÓLK 46



Vekur athygli í Ameríku

Hera Hjartadóttir heillaði bandarísk plötufyrirtæki upp úr skónum.

FÓLK 46



Af vottum og Norðmönnum

„Þar kvað norskí forsætisráðherrann upp úr með að Noregur myndi ekki í fyrirsjáanlegri framtíð sækja um aðild að ESB. Fyrir okkur Íslendinga eru þetta mikil tíðindi,“ segir Illugi Gunnarsson.


Í DAG 10

Stjarnan Íslandsmeistari

Stjörnustúlkur eru Íslandsmeistarar í handbolta kvenna í fyrsta sinn í átta ár og fengu bikarinn afhentan í gær.

ÍPRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



MILT - Í dag verða suðvestan 5-13 m/s. Lítilsháttar væta norðvestan og vestan til, annars bjart með köflum. Híti 6-14 stig, mildast fyrir austan.

VEÐUR 4

Stækkun álversins hafnað

Tillaga um breytt deiliskipulag vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík var felld í íbúakosningu í Hafnarfirði í gær. 50,3 prósent sögðu nei en 49,7 prósent sögðu já. 88 atkvæðum munaði á fylkingunum.


KOSNINGAR Íbúar í Hafnarfirði höfðu í kosningum í gær tillögu um breytt deiliskipulag vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík.

Gríðarlega mjótt var á munun milli fylkinganna tveggja. Af þeim 16.647 Hafnarfirðingum sem voru á kjörskrá greiddu 12.747 atkvæði, eða 76,6 prósent. Munurinn á fylkingunum tveimur var því aðeins 88 atkvæði. Nei sögðu 6.382, eða 50,3 prósent af gildum atkvæðum, og já sögðu 6.294, eða 49,3 prósent. Auðir seðlar og ógildir voru 71.

Pétur Óskarsson, talsmaður Sólar í Straumi, var ánægður með niðurstöðu kosninganna.

„Það verður óbreytt ástand í Hafnarfirði eins og áður en þessi tillaga kom til. Ég held líka að Hafnarfirðingar verði fljótir að ná

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGAR UM STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK



sér eftir þetta. Þetta var ákvörðun sem við þurftum að taka og nú liggur niðurstaðan fyrir. Við byrjum svo að lifa með þessu á morgun,“ sagði Pétur.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, var ánægður með

framkvæmd kosninganna og hina miklu þátttöku íbúa bæjarins.

„Það liggur fyrir niðurstaða íbúa bæjarins sem fjölmenntu í þessa kosningu og tóku virkan þátt í að taka ákvörðun í þessu máli. Þetta var mjög glæsileg þátttaka og markar tímamót í kosningum í formi íbúalýðræðis. Munurinn er auðvitað lítil, en það er engu að síður niðurstaða sem við verðum að virða,“ sagði Lúðvík.

Bæjarstjórinn sagði lengi hafa legið ljóst fyrir að skoðanir væru skiptar. Hann teldi hina harðvítugu baráttu andstæðra fylkinga í þessu máli þó ekki eiga eftir að draga dilk á eftir sér.

„Hafnarfirðingar eru skynsam og ábyrgt fólk og við höfum gengið í gegnum ýmsa hluti í gegnum tíðina. Þessi kosning er búin að vera ströng og hörð, en við munum ná

saman í þessum málum skjótt og fljótt. Það er hjart fram undan í Hafnarfirði og okkar tækifæri og möguleikar eru öll til staðar. Það er enginn heimsendir eða endalok í þessu máli. Síður en svo,“ sagði Lúðvík.

Stuðningsmenn stækkunar álversins í Straumsvík voru vonsviknir þegar lokatölur lágu fyrir í seint í gærkvöldi. Vonbrigðin leyndu sér ekki í andliti fólksins sem hafði safnast saman í Hafnarborg í Hafnarfirði. Rannveig Rist, forstjóri Alcan, ávarpaði hópinn og þakkaði fyrir þá vinnu sem starfsmenn höfðu lagt á sig í kosningabaráttunni. Hún sagði alla hafa lagt hart að sér og rekið málefnalega baráttu. Það hefði verið á brattan að sækja og mikið áunnist á stuttum tíma.

- gar / psj



VONBRIGÐI Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, var vonsvikin með niðurstöður íbúakosningarinnar í Hafnarfirði í gær þar sem stækkun álvers fyrirtækisins í Straumsvík var naumlega hafnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Músíktilraunir 2007:

Shogun vann Músíktilraunir

TÓNLIST Hljómsveitin Shogun fór með sigur af hólmi í úrslitum Músíktilrauna Hins hússins í gærkvöld. Næst kom hljómsveitin <3 Svanhvít! og þar á eftir fylgdi hljómsveitin Gordon Riots í þriðja sæti. Meðlimir Shogun eru úr Reykjavík og Mosfellsbæ og leika harðkjarnarokk. Alls tóku ellefu hljómsveitir þátt í úrslitunum, sem fram fóru í Hafnarhúsinu. Sigurhljómsveitin frá í fyrra,

Foreign Monkeys, flutti nokkur lög í upphafi tónleikanna. Músíktilraunir voru nú haldnar í 25. skipti og voru að þessu sinni í stappfullu Hafnarhúsi þar sem gríðarleg stemning var.

- gar



Endalaust úrval af fermingargjöfum!



Opið 13-17 í dag

Kringlan

Dómkirkjuprestur segir tölur um ófeðruð börn vera undarlega háar:

Eitt barn af hundrað ófeðrað

LÝÐFRÆÐI Af börnum sem fæddust frá 1. nóvember 2003 til 30. júní 2006 er 131 barn enn ófeðrað.

„Ég þekki mjög fá tilvik og finnst þetta vera undarlega háar tölur,“ segir séra Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og fyrrverandi alþingismaður.

Í nýju vefriti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kemur fram að alls fæddust 11.319 börn á

ofangreindu tímabili. Af þeim voru 346 börn enn ófeðruð við sex mánaða aldur. Í samræmi við lög sem sett voru árið 2003 sendu sýslumenn mæðrum þessara barna bréf og skoruðu á þær að uppfylla þá lagalegu skyldu sína að feðra börnin.

„Öll börn eiga skýlausan rétt til foreldra og það á ekki að vera nein undantekning á því. Aðrir hags-

munir hljóta að víkja,“ segir séra Hjálmar.

Áðurnefnd fækkun svarar til þess að eitt af hverjum hundrað börnum sé ófeðrað. Af þessum barnahópi hafa mæður 41 barns ekki lýst nokkurn mann föður. Níutíu mæður hafa sagt ákveðinn mann vera föður en áhöld verið um hvort það sé rétt og börnin því enn ófeðruð.

- gar

AFNEMUM VERÐTRYGGINGU Á LÁNSFÉ

www.xf.is



Frjálslyndi flokkurinn

ALLT FYRIR FERMINGUNA Í SMÁRALIND



SPURNING DAGSINS



Sverrir, viltu þá ekki bara koma þér aftur til Taílands?

„Nei ég geri aldrei það sem mér er sagt að gera.“

Sverrir Stormsker sagði í Fréttablaðinu í gær að það hefði verið „hreinn og klár vibbi“ að koma aftur til Íslands eftir langa dvöl í sól og hita í Taílandi.

Listsýning í New York:

Súkkulaði-Jesús veldur deilum

NEW YORK, AP Listasafn í New York hefur hætt við sýningu þar sem súkkulaðihöggmynd af Jesú Kristi hefur verið til sýnis.

Ástæðan er áköf mótmæli katólsks trúarhóps í landinu, sem taldi ekki við hæfi að sýningin væri haldin um páskana, stærstu trúarhátíð kristinna manna.

Kiera McCaffrey, talsmaður trúarhópsins, sagði sýninguna áráð á kristna menn.

„Þeim myndi aldrei detta í hug að sýna súkkulaðistyttu af Múhamed spámanni nökturn á meðan á Ramadan stæði,“ sagði hún og vísaði þar í trúarhátíð múslima.

Höfundur verksins, Cosimo Cavallaro, er þekktur fyrir að nota mat í verkum sínum.

Þakti hann eitt sinn veggjáhótelherbergis með mozzarellastost. - fb

Lögreglan á Suðurnesjum:

Íslendingar slógust við Pólverja

LÖGREGLUMÁL Fjöldaslagsmál urðu milli hópa Íslendinga og Pólverja fyrir utan skemmtistaðinn Yello í Reykjanesbæ aðfaranótt laugardags.

Slagsmálin voru yfirstaðin þegar lögreglan á Suðurnesjum kom á vettvangi en að hennar sögn var enn talsverður hiti í mönnum þrátt fyrir það.

Áður hafði lögreglan þurft að fara að heimili í Vogum þar sem unglingsamkvæmi hafði farið úr böndunum.

Vel gekk að koma veislugestum út úr húsinu.

Þá var einn ökuþingur stöðvandi á Sandgerðisvegi á 139 kílómetra hraða, en hámarks hraði þar er 90 kílómetrar á klukkustund. - þsj

Bresku sjóliðarnir sem voru handteknir af Írönum hugsanlega leiddir fyrir dóm:

Engin fangaskipti við Írana

ÍRAN, AP Bandarísk yfirvöld ætla ekki að semja við Írana um skipti á fimmtán breskum sjóliðum sem voru handsamaðir af Írönum í Persaflóa í staðinn fyrir fimm Írana sem Bandaríkjamenn handtóku í Írak. Íranarnir fimm voru handteknir þegar bandarískir hermenn réðust inn í hús í Írak og gerðu upptækan ýmsan búnað. Segja Bandaríkjamenn augljós tengsl á milli manna og íráskra hryjuverkanna.

Bretar hafa neitað ásökunum Írana þess efnis að sjóliðarnir hafi verið á írönsku yfirráðasvæði þegar þeir voru handteknir hinn 23. mars. Sendiherra Írans í Rússlandi er ekki á sama máli frekar en írönsk stjórnvöld og segir að þeir verði hugsanlega leiddir fyrir dómstóla fyrir að hafa brotið alþjóðleg lög. Evrópusambandið hefur krafist þess að Íranar sleppi bresku sjóliðunum án tafar og varar við því að gripið verður til „viðeigandi aðgerða“ verði óskum þess ekki framfylgt.



CORNWALL Breska herskipið HMS Cornwall sem Íranar segja hafa verið á sínu yfirráðasvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írönsk stjórnvöld hafa fordæmt afskipti ESB og Saminuðu þjóðanna af deilunni og segja tilraunir Breta til að fá þriðja aðila inn í málið ekki hjálpa til. - fb

Höfuðborgarsvæðið:

Framtenuarnar slegnar úr manni

LÖGREGLUMÁL Ráðist var á tæplega tvítugan mann á Skólavörðustíg aðfaranótt laugardags og slegnar úr honum framtenuarnar. Að sögn lögreglu er ekki vitað hverjir árásmennirnir voru, en þeir voru farnir af vettvangi áður en lögreglu bar að garði. Fórnarlambið var flutt á slysadeild til aðhlyningar.

Þá lenti tveimur mönnum saman á skemmtistaðnum Players í Kópavogi með þeim afleiðingum að annar skallaði hinn og braut í honum tonn. Árásarmaðurinn gaf sig fram við lögreglu þegar hún kom á staðinn og telst málið upplýst að fullu. - þsj

Neyddust til að selja félagið á 15 milljónir

Stofnendur Iceland Express segja að vangeta samkeppnisyrvalda hafi leitt til þess að þeir neyddust til að selja félagið á 15 milljónir króna. Segja nýja eigendur hafa stundað óeðlilega viðskiptahætti. Samkeppniseftirlitið neitar ásökunum.

SAMKEPPNISMÁL Stofnendur Iceland Express segja að vangeta Samkeppniseftirlitsins hafi orðið til þess að þeir hafi þurft að selja félagið frá sér í október 2004. Ólafur Hauksson, talsmaður fyrri eigenda, segir að þeir hafi margbeðið samkeppnisyrvald um bráðabirgðaúrskurð vegna ofríkis Icelandair á markaðinum en ekkert hafi gerst. „Við boðuðum samkeppnisyrvald á fund í ágúst 2004 og sögðum þeim að ástandið væri grafalvarlegt og að við gætum ekki haldið rekstrinum áfram við þessar aðstæður. Við sýndum þeim öll gögn um það. En þeir ákváðu að gera ekki neitt.“

Í kjölfarið seldu stofnendurnir þeim Pálma Haraldssyni og Jóhannesi Kristinssyni, sem voru þá báðir stórir hluthafar í Icelandair, 89 prósent hlut sinn í Iceland Express á einungis fimmtán milljónir króna. „Það sem er andstyggilegt í þessu er að þessir menn koma þarna inn nánast eins og hræggammar og björguðu okkur frá aðgerðum sem þeir höfðu sjálfir stjórnað. Það er það sem við erum sárir yfir, að þessir menn sátu í stjórn Icelandair á sama tíma og þeir voru í sambandi við okkur og vildu fá að kaupa fyrirtækið. Þetta eru mjög óeðlilegir viðskiptahættir.“ Ólafur segir stofnendurna vera að íhuga að leita réttar síns gagnvart samkeppnisyrvaldum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segist ekki geta tekið undir ásakana fyrir eigenda Iceland Express. „Samkeppnisyrvald tóku afstöðu til kvartana sem komu fram á árinu



ICELAND EXPRESS Fyrri eigendur félagsins segja að vangeta samkeppnisyrvalda hafi neytt þá til að selja það á aðeins fimmtán milljónir króna.



ÓLAFUR HAUKSSON



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

2003 og komust að þeirri niðurstöðu að Icelandair hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á þeim tíma. Síðan liðu ekki nema átta mánuðir frá því að kvörtunin sem núna var endanlega tekin af staða til, þangað til að félagið var selt öðrum kjölfestufjórðingum.

Það var fullkomlega óraunhæft að ætlast til að afstaða til kvörtunarinnar sé tekin á þeim tíma sem leið þar á milli. Eina leiðin til þess hefði verið að taka bráðabirgðaákvörðun í málinu, sem undir vissum kringumstæðum er heimilt. Samkeppnisyrvald höfðu hins vegar ekki forsendur til að taka hana á þessum tíma.“

Páll segir að málsmeðferðin hafi tekið jafn langan tíma og raun ber vitni vegna þess að örðugt hafi reynt að afla mikilvægra gagna í málinu. „Svo verður ekki litið framhjá því að á sama tíma hafa verið til umfjöllunar mörg stór mál sem hafa auðvitað líka áhrif á hraða málsmeðferðarinnar.“ thordur@frettabladid.is



KRISTJANÍA Hverfið Kristjánía í Kaupmannahöfn hefur lengi verið umdeilt.

Sáttmáli vegna Kristjáníu:

Hverfið opnað almenningi

DANMÖRK, AP Íbúar í Kristjáníu í Danmörku hafa samþykkt tillögur stjórnvalda um að koma aukinni reglu á húsnæðismál hverfisins til að stuðla að frekari uppbyggingu. Stofnuð verður deild sem mun annast rekstur bygginganna í hverfinu og leigja út íbúðir. Vilja stjórnvöld með þessu laða almennig til Kristjáníu og gera hverfið opnara en það hefur verið.

Þrátt fyrir að hafa samþykkt tillöguna ætla íbúar Kristjáníu ekki að hætta við málaferli sín gegn stjórnvöldum varðandi eignarrétt á sumum byggingum í hverfinu. - fb

Þrjú handteknir við Blönduós:

Með 24 e-töflur og amfetamín

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Blönduósi handtók þrjú menn á þrítugsaldri á föstudagskvöld vegna gruns um fíkniefnamisferli. Mennirnir, sem eru af höfuðborgarsvæðinu, voru á norðurleið þegar lögreglan stöðvaði þá við afleggjarann að Hvammstanga.

Fljótlega vöknudu grunsemdir um að ökuþingurinn væri undir áhrifum örvandi efna og var því tekið staðarpróf á honum. Niðurstaða þess staðfesti grunsemdir lögreglunnar, sem sendi hann í blóð- og þvagprufu. Við leit í bifreiðinni fundust 24 e-töflur og rúmt gramm af amfetamíni. Mennirnir hafa allir komið áður við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála. - þsj

Reykjavík
871 ±2

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Lykill að fortíðinni



Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

Ný aðalræðisskrifstofa Íslands opnuð í Færeyjum í dag:

Eidesgaard boðar færeyska sendiskrifstofu í Reykjavík

FÆREYJAR Sjálfstæð sendiskrifstofa Færeyja verður fljótlega opnuð í Reykjavík. Frá þessu greindi Jóhannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, í samtali við Fréttablaðið.

Nýja sendiskrifstofan verður í eigin húsnæði í miðborg Reykjavíkur, fjarri danska sendiráðinu, og þar verður aðeins flaggað með færeyska fánanum. Sendifulltrúinn verður þó hluti af dönsku utanríkisþjónustunni, enda gæti hann ella ekki haft formlega stöðu sendierindreka. „Þetta er alveg nýtt fyrirkomulag sem ekki hefur verið prófað áður,“ segir Eidesgaard. Færeyskir sendifulltrúar séu í Lundunum



JÓHANNES EIDESGAARD Staðfesting á mikilvægi Hoyvíkursamnings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og Brussel, en í báðum borgum hafi þeir aðsetur í sendiráði Danmerkur. Eidesgaard segir annars að opnun íslensku aðalræðisskrifstofunnar sé staðfesting á því gagnkvæma mati að Hoyvíkursamningurinn svonefndi, sem tók gildi í nóvember síðastliðinn og gerir Færeyjar og Ísland að einu samræmdu

markaðssvæði, sé báðum löndum mikilvægt. Færeyingar álitu samninginn „fyrsta raunverulega skref okkar út í hinn hnattvædda heim,“ segir lögmaðurinn. „Þegar Ísland opnar aðalræðisskrifstofu sína í Þórshöfn þá segir það okkur að Íslendingar meti þetta samband einnig mikils.“

Opnun skrifstofunnar verður fagnað með dagskrá í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í dag, en meðal viðstaddra verða Eidesgaard lögmaður, Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðgjafi, nýi aðalræðismaðurinn Eður Guðnason og fulltrúar úr utanríkismálanefnd Alþingis. - aa

VILJUM VIÐ SITJA UPPI MEÐ SÖMU VANDAMÁL OG AÐRAR ÞJÓÐIR SEM HAFA LEYFT ÓHINDRAÐAN INNFLUTNING ERLENDS VINNUAFLS?

- **Hver verða kaup og kjör íslenskra iðnaðarmanna og byggingaverkamanna þegar um hægist á vinnumarkaði?**

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni var meðaltalshækkun launa meðal iðnaðarmanna 8,8% árið 2006, en 10,3% hjá öðrum stéttum. Þetta er eina atvinnugreinin þar sem verulegt frávik er frá meðaltalinu og einnig sú atvinnugrein þar sem hlutfall erlendra starfsmanna er hæst.

- **Erum við að leggja of mikið á velferðarkerfið með ótakmörkuðum innflutningi erlends vinnuafls á skömmum tíma?**

Hætta er á því að álagið á ýmsa innviði íslenska velferðarkerfisins verði of mikið í því ástandi sem nú blasir við okkur. Að auki má nefna að nú búa hátt í þrettán hundruð manns í atvinnuhúsnæði sem er óíbúðarhæft og ósamþykkt sem slíkt. Þessu fólki ber okkur skylda til að búa viðunandi skilyrði á öllum sviðum.

- **Hlutfallslega eru margfalt fleiri erlendir ríkisborgarar starfandi á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum**

Árið 2006 voru erlendir ríkisborgarar um 9% af vinnumarkaðnum hér á landi. Um 11.000 erlendir starfsmenn komu til Íslands á síðasta ári. Sambærilegar tölur fyrir hin Norðurlöndin sýna að straumurinn hingað hefur verið gífurlegur.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði árið 2006:

Ísland 9% | Finnland 2% | Danmörk 4% | Svíþjóð 5% | Noregur 4,5%

- **Geta okkar til að kenna öllu því fólki íslensku, sem flyst til landsins, er takmörkuð**

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram skýrar tillögur um hvernig standa skuli að stóraukinni íslensku- og samfélagsfræðikennslu fyrir það fólk sem hingað kemur til starfa. Eins og ástandið er í dag erum við ekki í stakk búin til að uppfylla þá sjálfsgöðu kröfu að erlendir ríkisborgarar, sem hingað koma til starfa, sæki grunnnám í íslensku.

Frjálslyndi flokkurinn metur mikils vinnuframlag erlends fólks við uppbyggingastarf í íslensku samfélagi. En Frjálslyndi flokkurinn vill að mun ákveðnari og meiri stjórn verði höfð með því hve margir innflytjendur koma til landsins á hverjum tíma. Afar mikilvægt er að nýir borgarar aðlagist samfélaginu sem best og kynnist menningu þjóðarinnar og tungu. Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér fyrir því að undanþága sú, sem samið var um í EES-samningnum, varðandi innflutning verkafólks frá aðildalöndum EES, verði nýtt og honum stjórnað – öllum til góðs.

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,69	66,01
Sterlingspund	128,66	129,28
Evra	87,39	87,87
Dönsk króna	11,727	11,795
Norsk króna	10,772	10,836
Sænsk króna	9,352	9,406
Japanskt jen	0,5564	0,5596
SDR	99,16	99,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,1544
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Báðar herbúðir í álverskosningunum slökuðu á áróðursklónni á lokasprettinum:

Ekki skipulagðar úthringingar á kjördag

KOSNINGAR „Þetta hefur allt gengið mjög vel fyrir sig,“ sagði Steinunn Þorsteinsdóttir, kynningarfulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ, rúmri klukkustund áður en kjörstöðum var lokað í álverskosningum í Hafnarfirði gær.

„Það hafa ekki verið neindir hnökror. Í rauninni gengur þetta töluvert hraðar fyrir sig en við venjulegar kosningar því við erum með raf-ræna kjörskrá. Maður heyrir að fólk er mjög ánægt með að fá að kjósa,“ sagði Steinunn.

„Í dag erum við ósköp róleg. Við höfum verið að hjálpa þeim sem vilja komast á kjörstað,“ sagði Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan.

Hrannar sagði Alcan ekki hafa staðið fyrir neinum kerfisbundnum úthringingum í gær. „Við höfum heyrt í mörgum í vikunni en við lukum aðdraganda kosninganna eiginlega í gær-

kvöldi og dagurinn í dag hefur verið svolítið rólegri en undanfarnir dagar. En hver og einn er áreiðanlega að athuga hvort hans fólk er búið að mæta.“

Pétur Óskarsson, talsmaður Sólar í Straumi, sagði kosningadaginn hafa verið mjög skemmtilegan.

„Við vorum ekki í neinni kosningabaráttu í dag heldur lauk henni á föstudagskvöldið hjá okkur. Við fórum því bara í sparifötin í morgun og höfum tekið daginn rólega með kaffi og kökum. Við höfum ekkert verið að hringja út í dag eða neitt slíkt. En buðum reyndar upp á að keyra fólk á kjörstað og það nýttu sér örfáir þann kost,“ sagði Pétur.

- gar / - þsj

KOSIÐ UM ÁLVER Ekki þurfti að hringja í þennan kjósanda í Hafnarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Á KÁRAHNJÚKUM Margir útlendingar vinna á Austurlandi. MYND/KRISTÍN BOGADÓTTIR

Tvöföldun á dvalarleyfum: Fimm þúsund nýir Pólverjar

LÝDFRÆÐI Metfjöldi af dvalarleyfum var gefinn út á árinu 2006. Þá voru gefin út 12.669 dvalarleyfi. Árið 2005 voru útgefin dvalarleyfi 9.331. Árið þar á undan voru leyfin alls 6.042, eða helmingi færri en leyfin í fyrra.

Í vefriti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kemur einnig fram að í fyrra voru 5.210 dvalarleyfi veitt Pólverjum og 761 leyfi veitt Kínverjum. Þar á eftir voru flest leyfi veitt til Litháa, Bandaríkjamanna og Filippseyinga. Haft er eftir Hildi Dungal að ein helsta ástæða mikillar fjölgunar dvalarleyfisumsókna sé innganga tiltekinnna ríkja í Austur-Evrópu í Evrópska efnahagssvæðið.

- gar

Tveggja mánaða fangelsi: Rotaði mann við Kringluna

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. Maðurinn réðst að fórnarlambi sínu, sem er á svipuðum aldri, við Sambíóið í Kringlunni í september 2006 og sló hann með hnefahöggi í andlit. Í kjölfarið féll fórnarlambið rænulaust í gólf og hlaut heilahristing, mar á höfði og kjálkalið auk þess sem hann hlaut sár á vör.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi.

- þsj



VEGGJAKROT VIÐ HEIMILI ERLENDS VERKAFÓLKS Lagt er út af orðum Jóns Magnússonar, sem skipar fyrsta sæti Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður, í þessu veggjakorti á húsi í Keflavík þar sem Pólverjar viðhafast. VIKURFRÉTTIR

Kynþáttahatur sagt vaxandi vandamál

Pörf er á að bregðast við vaxandi kynþáttahatri, að sögn framkvæmdastjóra Alþjóðahúss. Samtök kvenna af erlendum uppruna íhuga að kæra framþjóðanda Frjálslynda flokksins vegna ummæla um innflytjendur.

SAMFÉLAGSMÁL Samtök kvenna af erlendum uppruna íhuga að kæra Viðar Helgi Guðjohnsen, sem skipar fimmta sæti Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður, vegna ummæla hans í garð útlendinga á Íslandi.

Ummælin sem um ræðir birtir Viðar á heimasíðu sinni undir yfirskriftinni „Ísland fyrir Íslendinga – Um hvað snýst málið. Hvað erum við hjá Frjálslyndum að tala um!“ Á eftir fylgir greinargerð þar sem Viðar rekur hættur og vandamál sem gætu skapast í landinu með fólksflutningum. Meðal þeirra atriða sem eru nefnd í tengslum við útlendinga eru skipulagðar nauðganir, berkla-smit, hnignun heilbrigðiskerfis, misskipting í samfélaginu og því haldið fram að fjölmenningsamfélög hafi aldrei virkað.

„Mér finnst þetta ekki of djúpt í árinu tekið,“ segir Viðar um skrif sín. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, vildi ekki tjá



TATJANA LATINOVIC



EINAR SKÚLASON

sig um málið, sagði það ekki koma sér við.

„Þessi maður lýsir vanþekkingu sinni á þessum málum með skrifum sínum. Ég vil ekki gera lítið úr áhyggjum fólks en það þarf að ræða þessi mál af skynsemi. Ekkert af því sem hann segir stenst nánari skoðun og því eru þessi ummæli ef til vill ekki svara verð. Á þessari stundu vil ég fyrst og fremst bjóða honum aðstoð við stafsetningu,“ segir Tatjana Latinovic, formaður Sam-

taka kvenna af erlendum uppruna. Hún segir málið þó verða tekið til alvarlegrar skoðunar.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segist hafa orðið var við vaxandi fordóma í garð útlendinga frá því í nóvember á síðasta ári, eða um svipað leyti og Jón Magnússon, sem skipar efsta sæti lista Frjálslyndra í Reykjavíkurborgardæmi suður, birti grein sína „Ísland fyrir Íslendinga?“ í Blaðinu. Einar segir að tími sé kominn til að bregðast við þróuninni.

Í blaðinu Víkurfréttum sem gefið er út á Suðurnesjum hefur verið fjallað um kynþáttahatur í bænum. Hús í Keflavík þar sem margir innflytjendur halda til var í vikunni þakið veggjakroti. Auk hakakrossa og setningarinnar „Ísland fyrir Íslendi[n]ga“ var búið að teikna manneskju sem hékk í snöru. Lögreglan á Suðurnesjum segist ekki vita hver standi fyrir krotinu.

karen@frettabladid.is

Kosningar í Kambódíu:

Bannað að senda SMS

STJÓRNMÁL Stjórnvöld í Kambódíu hafa bannað notkun SMS-skilaboða í landinu þangað til kosningum í landinu lýkur í kvöld. Þannig geti frambjóðendur ekki nýtt sér tæknina til að hafa áhrif á kjósendur á meðan kosningar fara fram.

Símafyrirtæki í landinu hafa lokað fyrir þjónustuna að beiðni yfirvalda og var símaeigendum tilkynnt ákvörðunin í gegnum SMS-skilaboð. Mannréttindasinnar og stjórnarandstæðingar í Kambódíu hafa gagnrýnt ákvörðunina og segja hana algjörlega ónaðsýnlega.

- fb

Dómur yfir David Hicks:

Afplánar bara níu mánuði

KÚBA, AP Ástralinn David Hicks, sem hefur verið fangi í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu, þarf aðeins að afplána níu mánuði af sjö ára fangelsisdómi sínum.

Hicks var nýverið dæmdur í sjö ára fangelsi eftir að hafa játað að hafa stutt við bakið á hryðjuverkastarfsemi í Afganistan árið 2001. Við sama tækifæri dró hann til baka áskanir um að hann hefði verið beittur harðræði í haldi Bandaríkjamanna. Fjölskylda Hicks kveðst hins vegar viss um að hann hafi verið þvingaður til þess að halda því fram.

Hicks mun afplána fangelsisdóm sinn í heimalandinu eftir að hann gerði samning við bandarísk yfirvöld. Samþykkti hann að tala ekki við fjölmiðla næsta árið og að þiggja ekki neinar greiðslur fyrir að segja sögu sína. Einnig má hann ekki höfða mál gegn bandarískum stjórnvöldum. Verður hann fluttur til Ástralíu strax eftir helgi.

- fb

www.oryggi.is

Hver vaktar þitt heimili um páskana?

ÖRYGGIS MIDSTÖÐIN

Hringdu í **530 2400** og fáðu Heimaöryggi í áskrift!

VEÐURSPÁ


um hádegi »

» á morgun

um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C heiðskirt	London	14°C heiðskirt	Alicante	18°C skúrir	
Billund	12°C heiðskirt	Paris	13°C heiðskirt	Mallorca	13°C hálfskýjað	
Suðvestan 5-8 m/s. Hætt við litilsháttar vætu. Hiti 6-9 stig.	Oslo	13°C hálfskýjað	Frankfurt	15°C hálfskýjað	Basel	12°C hálfskýjað
	Stokkholmur	12°C heiðskirt	Friedrichshafen	13°C hálfskýjað	Eindhoven	14°C heiðskirt
	Gautaborg	8°C heiðskirt	Berlín	14°C heiðskirt	Las Palmas	19°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



„Þeir keyra vitlausum megin
í London en eru
samt ekki svo galnir“

Tvöfaldir Vildarpunktar

Nú fá allir sem safna Vildarpunktum **tvöfalda Vildarpunkta** þegar þeir versla hjá Olís. Að auki verða útsendarar Bylgjunnar á ferðinni og bjóða heppnum viðskiptavinum að taka þátt í léttum leik þar sem aðalvinningurinn er **100 ÞÚSUND VILDARPUNKTAR!**



Vildarkort

OLÍS – við höldum með þér!



olis

KJÖRKASSINN



Finnst þér að tannlæknar eigi að fá að auglýsa þjónustu sína?

Já 92,2%

Nei 7,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er þörf á 240 manna varalög-regluliði á Íslandi?

Segðu skoðun þína á visir.is



Fyrsti starfsdagur RÚV ohf. hefst á endursölu menningarverðmæta í Perlunni:

Safnið verður boðið upp í áföngum

FJÖLMIDLAR „Við teljum þau menningarverðmæti, sem sannarlega felast í margþættu safni Ríkisútvarpsins, betur komin í vörslu almennings en að safna ryki upp í Efstaleiti,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarps. Safnið verði því selt í áföngum á uppboðsmarkaði.

Sigrún segir þetta í fullu samræmi við fjórðu grein útvarpslaga, en þar segir að RÚV sé heimilt „að miðla áður framleiddu efni [...] svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarfni.“

Þar sem lakk- og hljómplötusafninu hafi nú öllu verið komið yfir á stafrænt form og stofnunin hafi gengið í endurnýjun lífdaga, segir Sigrún tilvalið að losa um eignir og afla aukins rekstrarfjár með þessum hætti.

„Okkur þótti þetta við hæfi á fyrsta opinbera

starfsdegi RÚV ohf. þar sem þetta er í takt við breyttar áherslur hjá stofnuninni. Við leggjum áherslu á að vera lifandi, jafnvel lífræn stofnun, en ekki staðnað ríkissafn,“ segir Sigrún og bætir við að plássið sem skapast við þetta komi að góðum notum hjá framsækinni stofnun.

Lakkplötur RÚV eru um 6.000 talsins og geyma fágætar upptökur frá upphafsárum RÚV og allt til sjöunda áratugarins. Hljómplötur eru um 37.000. Á næstu mánuðum verður segulbandasafnið einnig boðið upp.

Aðspurð segir Sigrún að vaxhólkasafn RÚV, allra fyrstu upptökur, verði þó ekki selt að sinni. Þjóðminjasafnið hafi gert kröfu um að fá fyrst tækifæri til að rannsaka það og afrita.

Fyrsti áfangi sölunnar hefst klukkan 14 í dag í Perlunni með uppboði á lakkplötusafni og hluta hljómplötusafnsins.

- kóp



Efstaleiti Safnadeild Ríkisútvarpsins hefur löngum verið lokað almenningi. Í nýjum lögum um RÚV er stofnuninni veitt heimild til að endurselja til dæmis hljómplötusafnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MIDASALA | Síma 548 8000
OG Á WWW.BORGARLEIÐI.IS

VesturPuff BORGARLEIÐI

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MAGNÚS ÓLAFSSON KRISTBJÖRG KJELD SKAPTI ÓLAFSSON



Króatía

Frá 49.895 kr.

Margar brottfarir
að seljast upp!

frá 49.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuférfé í maí eða sept. Diamant íbúðahótelíð.

- Frábær gisting og aðbúnaður
- Glæsilegur sundlaugargarður
- Frábær líkamsrækt
- Barnaleiksvæði
- Skemmtidagskrá
- Heilsulind (spa)
- Veitingastaður
- Barir
- Frábær íþróttastaða
- Stutt frá strönd



Bókaðu núna á
www.heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500



KVENNAFRÍDAGURINN Konur eru rúmlega sextíu prósent þeirra sem útskrifast úr íslenskum háskólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Launamunur kynja 15 prósent innan ESB

Konur skipa 75 prósent nýrra starfa innan ESB frá árinu 2000. Atvinnuþátttaka kvenna er komin upp í 56,3 prósent en þær fá að meðaltali 15 prósentum lægri laun en karlar. Á Íslandi er atvinnuþátttaka kvenna betri en launamunur meiri.

JAFNRÉTTISMÁL Konur skipa þrjú af hverjum fjórum störfum sem hafa skapast í ríkjum Evrópusambandsins frá árinu 2000. Tæplega sextíu prósent þeirra sem útskrifast með háskólagráðu eru konur. Þrátt fyrir það fá konur að meðaltali fimmtán prósentum lægri laun en karlmenn fyrir hverja unna klukkustund, samkvæmt nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um jafnrétti kynjanna.

Fram kemur að atvinnuþátttaka kvenna í ríkjum ESB hefur aukist stöðugt síðustu tólf árin og mælist nú 56,3 prósent. Markmið ESB er að atvinnuþátttaka kvenna verði komin upp í sextíu prósent árið 2010. Aukningin hefur þó aðallega átt sér stað í starfsgreinum þar sem konur eru í meirihluta fyrir og eru yfirleitt verr launaðar. Konur eiga einnig erfiðara með að komast í stöður þar sem ákvarðanir eru teknar. Þetta stangast á við niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var á vegum ESB í

janúar þar sem tæp áttatíu prósent aðspurðra sögðu þörf á fleiri konum í stjórnunarstöður og rúm sjötíu prósent vildu fleiri kvenkyns þingmenn.

Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri rannsóknasviðs hjá jafnréttisstofu, segir að á meðan atvinnuþátttaka kvenna sé miklu betri hér á landi miðað við ríki ESB sé launamunur meiri. „Atvinnuþátttaka kvenna er rétt um áttatíu prósent og það munar ekki nema sex eða sjö prósentum á atvinnuþátttöku karla og kvenna á Íslandi í dag.“

Ingólfur segir meiri launamunur héraðs ekki þurfa að koma á óvart. „Árið 2005 voru íslenskar konur með um 81 prósent af launum karla. Það hvílir að hluta á því að við erum ennþá með um 37 prósent kvenna í hlutastörfum og að teknu tilliti til vinnutíma er tilhneigingin sú að þær eru á lægri launum en þær sem eru í fullu starfi. Evrópumenn hafa ekki verið mikið með konur

í hlutastarfi. Annað hvort eru þær heima eða í fullu starfi.“

Jafnvægi milli atvinnu og einkalífs er nefnt sem lykilatriði þess að ná fram auknu jafnrétti kynjanna. Meðal hindrana þess sem tilgreindar eru í skýrslunni eru skortur á vistunarúrræðum, bág fjárhagsleg staða, seinkanir á starfsframa, hætta á að tapa niður hæfni, erfiðleikar við að snúa aftur í vinnu og þrýstingur á að fylgja staðalímynd.

Samkvæmt nýlegri könnun héraðs segja rúm sjötíu prósent foreldrar að fjölskylduábyrgð rekist stundum á við vinnuábyrgð, sautján prósent að það gerðist oft og tólf prósent að það gerðist aldrei. „Við erum þó betur stödd en mörg Evrópulönd því það er betri dekkun í leikskólum. Þetta er þáttur sem við erum mikið ófunduð af í Evrópu því menn vita að þetta er lykilatriði til að fá konur á vinnuþátttöku,“ segir Ingólfur.

sdg@frettabladid.is

Ráðherrar á Austurlandi:

Opnuðu kerskála Fjarðaáls

STÓRÞINGJA Geir Haarde forsætisráðherra, Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra voru meðal 500 gesta á starfsmannahátíð Alcoa Fjarðaáls í gær. Geir og Valgerður klipptu á borða og opnuðu þar með starfsfólki leið inn í kerskála álversins á táknaænan hátt. „Hefði einhver trúað því vorið 2002 að Alcoa ætti eftir að byggja eitt fullkornaða álver heimsins hér á Austurlandi og setja fyrstu kerin í gang vorið 2007?“ spurði Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, þegar hann ávarpaði viðstadda og opnaði starfsmannahátíðina.

- gar



TÍMAMÓT HJÁ FJARÐAÁLI Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Geir Haarde forsætisráðherra klipptu á borða hjá Fjarðaáli í gær.

BT



FERMINGAGJÖFIN FÆST Í BT

TOSHIBA

**Alvöru
Leikjaskjálkort**

PSAARE-03P00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-051
Intel® Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
- up to 320MB Hypermemory
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T. Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Harman Kardon® hátalarar
Microsoft® Windows®
Vista Premium



15,4"

**30.000kr
VERDLÆKKUN**

149.999

BT LÁN™

BT 14.961 12 mánaða
BT 8.238** 24 mánaða
BT 5.937*** 36 mánaða

TOSHIBA

**Alvöru
Leikjaskjálkort**

PSPADE-00M00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-454
Intel® Core 2 Duo T5500
17" WXGA HB TrueBrite
nVIDIA GeForce Go 7600
128MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Microsoft® Windows® Vista
Premium
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote
™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð



17"

**30.000kr
VERDLÆKKUN**

159.999

BT LÁN™

BT 15.948 12 mánaða
BT 8.777** 24 mánaða
BT 6.323*** 36 mánaða

TÖLVKAUPAUKI 1

**SPARPAÐU
10.000**

SONY

DSCW505
SONY CYBERSHOT W50
6.0 Megapixla myndflaga
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
3x optical aðdráttur
Lithium-Ion rafhláða
400 myndir á hleðslu



19.999
Ef keypt er með tölvu

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-100512-001
FSC Scaleo H Core2 Vista

Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi
- 2MB, 1066MHz FSB, LGA775
nVidia GeForce 7300LE 256MB
- TV-out, DVI
1024MB Vinnsluminni DDR2 667
250GB Harður diskur (SATA)
Media Bay að framanverðu
DVD Skrifari
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works
Norton Internet Suite 2006
2 ára alþjóðleg ábyrgð



15,4"

139.999

BT LÁN™

BT 13.73 12 mánaða
BT 7.699** 24 mánaða
BT 5.551*** 36 mánaða

TÖLVKAUPAUKI 2

**SPARPAÐU
10.000**

Panasonic

NVGS27B
PANASONIC MINIDV NVGS27B
800.000 pixla CCD myndflaga
30x optical Zoom (1000x total)
2.5" Litaskjár
36mm Wide Angle
DV tengi út
Virkar sem vefmyndavél



19.999
Ef keypt er með tölvu

TOSHIBA

PSL33E-02T026N5
TOSHIBA SATELLITE L30-106
Intel® Dual Core T2060
15,4" WXGA skjár
- 1.280 x 800 upplausn
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
60GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu
og varahlutum



15,4"

**20.000
VERDLÆKKUN**

69.999

BT LÁN™

BT 7.061 12 mánaða
BT 3.924** 24 mánaða
BT 2.851*** 36 mánaða

MEDION

63631S
MEDION V10 M2 VISTA
Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)
nVidia GeForce 7300 SE - 256
160 GB 8MB 7200 rpm SATA
512 MB DDR2-RAM PC4300
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Windows Vista Basic
2 ára ábyrgð



**20.000
VERDLÆKKUN**

49.999

BT LÁN™

BT 6.087 12 mánaða
BT 2.846** 24 mánaða
BT 2.079*** 36 mánaða

* meðalgreiðsla sem miðast við 12 mánaða raðgreiðslusamning
** meðalgreiðsla sem miðast við 24 mánaða raðgreiðslusamning
*** meðalgreiðsla sem miðast við 36 mánaða raðgreiðslusamning



Súperform á fjórum vikum!

Námskeiðið **Súperform á sex vikum** hjá Goran Kristófer, íþróttfræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Bæta hormónajafnvægið
- Auka andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitingu
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigð prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Tímar 6:30, 7:30 og 10:00

Nýtt námskeið hefst **10. apríl nk.**

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is.

N O R D I C A S P A



AIRBUS A400M Tölvugerð mynd frá Airbus af A400M-flutningavélinni á flugi. Fyrsta slíka vélin á að hefja sig til flugs á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Tákn bættra varnartengsla

Smíði evrópsku herflutningavélarinnar Airbus A400M er orðin að tákni fyrir þróuð varnarmátatengsl yfir Atlantshafið. Á tímabili stefndi hún þeim í hættu.

BRUSSEL, AP Nú þegar framleiðsla er að hefjast á evrópsku herflutningavélinni Airbus A400M, sem eitt sinn var hampað sem lykiltríði í að gera Evrópusambandið hernaðartæknilega óháð NATO og Bandaríkjunum, er verkefnið orðið frekar að tákni fyrir þróuð varnarmátatengsl yfir Atlantshafið en fyrir tilraunir ESB til að verða óháð bandarísku hververndarhlífinni.

Stefnan var sett á smíði vélarinnar á síðasta áratug, í kjölfar stríðsátakanna á Balkanskaga. Þá vöknudu Evrópuríkin upp við þann vonda draum að vera ófær um að flytja friðargæsluliða og hjálpargögn á vettvang nema með aðstoð frá Bandaríkjaher, þótt vettvangurinn væri svo skammt undan.

Nýja flutningavélin gegndi lykilhlutverki í nýrri öryggis- og varnarmátatengslum Evrópusambandsins en eitt af markmiðunum með henni var að samræma hergagnaframleiðslu og varnarátætlanir í Evrópulöndunum og gera skilvirkari í þeim aðstæðum sem upp voru komnar eftir lok kalda stríðsins.

Þegar þessar hugmyndir komu fyrst fram var þeim illa tekið meðal ráðamanna í Washington, en þá var Bill Clinton enn á forsetastóli vestra. Hugmyndir Evrópumanna voru gagnrýndar sem sóun og óþarfa tvíverknaður, þar sem Bandaríkjaher hefði yfir þeirri tækni og getu að ráða sem

þörf væri á. Þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Madeleine Albright, varaði jafnvel við hugsanlegum slitum milli Evrópu og Bandaríkjanna hvað varnarsambandið héldi áfram að beina kröftum og fé frá NATO að uppbyggingu eigin varnargetu.

Síðan sinnaðist ráðamönnum forysturíkja meginlands Evrópu og Bandaríkjanna alvarlega er deilan um innrásina í Írak stöð sem hæst. En nú er sá æsingur allur að baki og sú sameiginlega afstaða orðin ofan á, að þeim mun meiri varnargetu sem vestrænu bandamennirnir koma sér upp, því betra, hvort sem það gerist í nafni ESB eða NATO. Flest ESB-ríkin eru hvort eð er í NATO. Hið sameiginlega verkefni í Afganistan hjálpar einnig til að gera samstarfið milli bandamanna beggja vegna Atlantshafsins jarðbundið og árangursmiðað.

Nýja Airbus A400M-vélin lítur út eins og stækkuð útgáfa af hinni bandarísku C-130 Hercules. Burðargeta Airbus-vélarinnar verður nærri tvöföld á við Hercules. Fyrstu vélarinnar eiga að fara í loftið á næsta ári og frá árinu 2009 verða þær teknar í notkun af flugerjum ríkjanna sem aðild eiga að verkefninu. Alls hafa nærri 200 vélar verið pantaðar fram til þessa.

audunn@frettabladid.is

07 | 70ÁR Á FLUGI



GEFÐU FERÐALAG Í FERMINGARGJÖF

Það er bæði þroskandi og gaman að sjá sig um í heiminum. Gjafabréf frá Icelandair, full greiðsla eða innborgun upp í flugfargjald, er fermingargjöf sem opnar nýjar leiðir.

+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabréf


Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

Airbus smíðar keppinaut við hina bandarísku C-130

Airbus-flugvélaverksmiðjurnar evrópsku eru að hefja smíði á fyrstu herflutningavél sinni, flutningavél sem getur borið mun meira en hin bandaríska C-130 Hercules. Upprunalegt markmið með smíðinni var að gera Evrópulöndum kleift að senda íhlutunar- eða friðargæsluliði á vettvang átaka, án þess að vera háð hjálp frá Bandaríkjaher. Fyrsta Airbus A400-vélin á að fara í loftið innan árs.

Áhöfn: 2 flugmenn, 1 hleðslustjóri
Burðargeta: 37 tonn
Hámarks hraði: 780 km/klst.
Hámarksflughæð: 12.000 m
Drægi (fullhlaðin): 3.300 km

A400: Getur borið 80% meira en Lockheed C-130 Hercules
Krani, burðarþol 50 tonn
Lengd: 43,8 m



Í hleðslurými komast fyrir 116 hermenn í fullum herklæðum eða 66 sjúkrahöndur auk 25 sjúkraliða.

A400-vélarinnar verða settar saman í Sevilla á Spáni. Dæmigerður leiðangur 50 A400-vélar flytja 17.000 tonn af búnaði og 7.200 hermenn til Mið-Austurlanda. Rampur þolir 6 tonn.

3.700 km, flugtími 5,5 tímar Millient til eldsneytistöku á Kýpur. 1.850 km, flugtími 3 tímar

Á heimleiðinni er eldsneyti tekið á flugi; flugtími 7,5 tímar.

Þátttökuríki

Þýskaland 60 vélar, Frakkland 50 vélar, Spánn 27 vélar, Bretland 25 vélar

Týrkland 10 vélar, Suður-Afríka 8 vélar, Belgía 7 vélar, Malasía 4 vélar, Lúxemborg 1 vélar

Heimild: Airbus © GRAPHIC NEWS

Páskafjör í nettó



Frábær DVD mynd fylgir frítt með Góu páskaeggjum nr. 6

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 30. mars til 1. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Gagnvegir Færeyja og Íslands:

Enginn Þrándur í Götu

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í dag komast formleg samskipti Færeyinga og Íslendinga á eins konar hástígg. Opna á í Þórshöfn skrifstofu aðalræðismanns Íslands í Færeyjum. Að því leyti markar þessi dagur þau tímamót í færeyskri stjórnmalasögu að fyrsti útsendi erlendi sendierindrekinn sest nú þar að.

Það er sæmd að því fyrir Íslendinga að eiga þennan dag sameiginlegan með Færeyingum. Hugur þeirra gagnvart Íslandi er einstakur. Í færeyska blaðinu Sosialurin birtist fyrir skömmu skopmynd í tilefni af þessum atburði með svohljóðandi texta: „Fyrsti útlenski sendihirrin í Föroyum er ekki útlendingur, men íslendingur.“

Á einfaldari og skýrari hátt er tæpast unnt að lýsa sambandi tveggja þjóða. Það á að vera okkur hugarhaldið að sýna Færeyingum sama þel. Opnun aðalræðismannsskrifstofunnar er vottur um vilja í þeim efnum. Skrifstofa af þessu tagi hefur verið til umræðu og umhugsunar í nokkur ár. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra á lof skilið fyrir að gera þau orð að veruleika.

Mikill fengur er að því að hafa fengið Eið Guðnason, fyrrum umhverfisráðherra og einn af forystumönnum gamla Alpýúflokksins, til þess að takast á hendur brautryðjandahlutverkið í þessum efnum. Hann hefur verið athafnasamur sendiherra, meðal annars í Kína. En framhjá því verður ekki litið að baksvið hans í stjórnmalum gefur þessu nýja skrefi í samskiptum landanna aukið vægi.

Þegar Jógvan Sundstein var lögmaður Færeyja á sínum tíma nefndi hann með óformlegum hætti, sennilega fyrstur manna, framtíðarhugmyndir um einhvers konar efnahagsbandalag milli þjóðanna. Með vissum hætti má segja að þær hafi orðið að veruleika með Hoyvíkursamningnum svonefnda sem undirritaður var fyrir tæpum tveimur árum.

Sá samningur felur í sér frjálsan innri markað landanna tveggja með mjög víðtækum hætti. Það er raunar umfangsmesti samskiptasamningur okkar við nokkurt land. Davíð Oddsson, þáverandi utanríkisráðherra, tók þau samningamál föstum tókum og á öðrum fremur heiður af því að þeirri gerð var lokið á jafn myndarlegan hátt og raun ber vitni. Þar er nú jarðvegur fyrir dugmikla athafnamenn á öllum sviðum til að plægja og rækta.

Innflutningur frá Færeyjum hefur verið nokkuð sveiflukennður en er nú tvöfalt meiri en fyrir fimm árum. Innflutningurinn er þó aðeins þriðjungur af því sem við flytjum út til Færeyja. Við liggur að Færeyingar kaupi jafn mikið frá Íslandi eins og Svíar og Finnar til samans. Hvort tveggja þetta sýnir að viðskipti landanna blómstra. Satt best að segja hallar heldur á okkur í þeim efnum.

Poul Mohr hefur lengi verið aðsópssmikill ræðismaður Íslands í Færeyjum. Þar fer sannur Færeyingur og Íslandsvinur. Hann er góður og rismikill fulltrúi þeirrar menningarþjóðar sem Færeyingar eru. Aukheldur hafa Íslendingar átt þar hæk í horni sem ástæða er til að meta og þakka.

Að öllu virtu má með sannri segja að þessi dagur marki ekki aðeins tímamót í samskiptum landanna. Hann er á sinn hátt enn ein staðfesting á því að á þeim gagnvegum finnst enginn Þrándur í Götu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekkert er heilagt

Nú þegar baráttan vegna alþingis-kosninganna 12. maí fer að hefjast fyrir alvöru færirst pólitíkin út af sínum hefðbundnu sviðum; alþingi og fjölmiðlum, inn á staði sem alla jafna fá að vera í friði fyrir argþrasi stjórnmalanna. Virðist ekkert heilagt í þeim efnum. Samfylkingin efndi til fundar á dögnum á leikskólanum Hofi í Laugardal og fetaði þar með í fótspor sjálfstæðismanna í Reykjavík sem funduðu á Hagaborg í Vesturbænum í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna í fyrra. Lofsvert er að leggja áherslu á málefni barna og fjölskyldu-fólks í kosningabaráttu en spyrja má hvort nauðsynlegt sé að nota leikskólana og blessuð börnin sem leiktjöld.

Þekkt stef

Það kemur ekki á hugamönnum um viðskipti á óvart að lesa um ágreining meðal eigenda Giltis - áður Íslandsbanka. Slíkt ástand hefur ríkt við Kirkjusand svo lengi sem elstu menn muna og reglulegar breytingar í hópi stærstu og valdamestu hluthafa virðast engu breyta. Um skeið var talið að sæmileg sátt ríkti meðal þeirra sem eiga mest og mestu ráða og að stjórnarmenn gætu varið tíma sínum og kröftum í mál-efni banksins sjálfs en annað hefur komið á daginn. Sumum finnst ekki nóg að ráða miklu heldur vilja ráða mjög miklu og jafnvel öllu.

Gæsalappir

Á föstudag tilkynnti félagsmálaráðu-neytið um undirritun nýs samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Kom fram að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra liti svo á að samningurinn kvæði á um „raunverulegar réttarbætur“, þar sem hann skýrði réttarstöðu fatlaðra og kvæði skýrt á um rétt þeirra til að standa jafnfætis öðrum í samfélaginu. Athygli vekur að orðin raunverulegar réttarbætur eru höfð innan gæsalappa og má af því ráða að þó stjórnmalamenn og aðrir tali um raunverulegar réttarbætur sé í raun ekki um raunverulegar réttarbætur að ræða nema orðin séu innan gæsalappa.

bjorn@frettabladid.is



Af vottum og Norðmönnum

Á háskólaárunum mínum leigði ég kjallaraflúð á Laugalæknum. Húsið var í eigu mikilla heiðursljóna og vart hægt að hugsa sér betri leigusala. Þau höfðu skilning á ójöfnu tekjuflæði leigjandans ásamt því að háskólanám verði vart stundað án þess að þess sé gætt að lífsins blóm skrálni ekki. Ég held að það hafi samt bara gerst einu sinni að skemmtanahaldið hafi farið fram úr hófi og valdið verulegu ónæði á efri hæðinni. Ekki var gerð athugasemd en um hádegisbil var hringt á dyrabjöllinni í kjallaranum og ég barðist til dyra, fremur ósáttur við truflunina. Þar fyrir utan stóðu tveir jakkafataklæddir menn, sögðust vera vottar. Þegar mér hafði skilt að þeir væru ekki frá skattinum heldur á vegum þess sem öllu öðru er æðra, þá kom í ljós að leigusalarinn mínir höfðu hvatt þá sérstaklega til að banka upp á í kjallaranum, þar byggji sál sem þyrfti á frelsun að halda. Þeir drógu upp stóra bók og opnuðu hana á búðarfullir á miðopnu. Á hægri síðu var mynd úr aldingaröi þar sem kona las vínber, karlmaður, sennilega eiginmaður konunnar, hljóp á eftir fiðrildi og barn og lamb lágu saman við hliðina á ljóni sem tuggði strá. Á vinstri síðunni gat að líta eyðimörk, andstyggilegan stað, þurran og óhugnanlegan. Eldar stóðu upp úr sandinum og dimm óveðursský húktu yfir öllu. Önnur myndin endurspegladi betur mína líðan en hin. Þessu næst spurðu vottarnir mig á hvorum staðnum ég vildi vera og eftir nokkra umhugsun benti ég á myndina með konunni og ljóninu. Vottarnir urðu himinlifandi, merktu við á blaðinu sínu og héldu sinn veg, ein glötuð sál hafði ratað heim.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort ég hefði ekki átt að ræða ögn lengur við vottana og reyna að leiða leiða þeim fyrir



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Evrópusamstarf

sjónir að heimurinn væri ekki svona svartur eða hvítur, að við mennirnir værum hvorki englar né drýslar og því væru margar aðrar myndir mögulegar í lífsins bók sem gætu verið ákjósanlegar og ekki síðri en þær sem þeir kynntu sem einu valkostina. Sennilega hefði sú umræða verið tímaeyðsla og hvorki bætt mína líðan eða þeirra.

Það getur verið mjög hættulegt að draga upp einlita mynd af flóknum veruleika. Öfgar eða einstrengingsháttur geta skemmt fyrir hinum besta málstað. Fólk er ekki á móti umhverfisvernd vegna þess að það studdi byggingu Káranhjúkastíflu, menn vilja ekki einkarekið heilbrigðiskerfi bara vegna þess að þeir vilja nýta kosti einkarekstrar og stuðningur við sjálfstætt starfandi skóla jafngildir ekki því að vilja afnema jafnrétti til náms.

Heimurinn er flóknari en svo, myndirnar sem hægt er að draga upp miklu fleiri og fjölbreyttari en þær öfgar sem stundum er reynt að læða að sem einu valkostunum.

Öfgarnar er víða að finna þessa dagana. Í aðdraganda kosninganna hefur ekki farið mikið fyrir einu af helstu baráttumálum Samfylkingarinnar, aðild Íslands að ESB. Þó hafa margir talsmenn flokksins dregið upp þá mynd að valið standi á milli efnahagslegrar og pólitískrar hnignunar annars vegar og hins vegar aðildar að ESB í öllu sínu veldi. Sú mynd er

auðvitað alröng. EES-samningurinn hefur sannað gildi sitt og Ísland nýtur nú þegar flestra þeirra kosta sem aðild að ESB fylgja. Ekki er þar með sagt að það komi aldrei til greina að Ísland sækji um aðild, en til þess að svo verði þurfa hagsmunir þjóðarinnar að kalla eftir því. Kostirnir við aðild, umfram það sem EES veitir, verða að vera meiri en gallarnir sem af henni hljótask, annars er engin ástæða til að breyta núverandi fyrirkomulagi.

Viðtal The Daily Telegraph við Jens Stoltenberg nú á dögnum var mjög áhugavert. Þar kvað norsk forsætisráðherrann upp úr með að Noregur myndi ekki í fyrirsjáanlegri framtíð sækja um aðild að ESB. Fyrir okkur Íslendinga eru þetta mikil tíðindi. Margir hafa verið þeirrar skoðunar að ef Noregur gengi í ESB myndu forsendur fyrir EES-samstarfinu breytast þannig að erfitt yrði fyrir okkur Íslendinga að standa áfram utan ESB. Þessar fréttir af afstöðu norska forsætisráðherrans ættu að vera þeim sem hafa áhyggjur af því að EES-samstarfið haldi ekki nokkur léttir. Jafnframt finnst mér líklegt að viðtalið dragi úr líkunum á því að Samfylkingin reyni að gera Evrópumálin að þungamáli í kosningunum.

Norski verkamannaflokkurinn hefur talað fyrir inngöngu Norðmanna í ESB og þessi afstaða Stoltenberg því merkari en ella. Ábendingar hans um að Sameinuðu þjóðirnar hafi valið Ísland og Noreg þær þjóðir þar sem best væri að búa í heiminum, minna á að aðild að ESB er ekki forsenda fyrir góðu og innihaldsríku þjóðlífi. En það þarf vart að taka það fram að Jens Stoltenberg er í hópi þeirra leiðtoga norræna sósíaldemókrata sem ekki er boðið á Landsfund Samfylkingarinnar, hann hefði verið það sem kallað er veisluspillir.

Öflugt opinbert heilbrigðiskerfi

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Það hljóta að teljast athyglisverð tíðindi að 81% landsmanna vilji að sjúkrahúsin séu fyrst og fremst rekin af hinu opinbera og að rúm 76% séu sama sinnis um rekstur heilsgæslustöðva. Ég kalla þau athyglisverð vegna þess að undanfarin 16 ár hefur hér setið hægristjórn undir Sjálfstæðisflokks, fyrst með þátttöku Alpýúflokksins og síðar Framsóknarflokks.

Hægristjórnin sem hér hefur ríkt hefur nefnilega verið ótull talsmaður einkavæðingar og einkarekstrar og hvatt til einkaframtaks á sem flestum sviðum. Fjölmargin ríkisstofnanir hafa verið seldar undanfarin tíu ár og margs konar lög sett til að greiða fyrir einkavæðingu, hvort sem er á raforku eða vatni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa leynt og ljóst talað fyrir auknum einkarekstri í heilbrigðiskerfinu. Því miður hafa fulltrúar úr ýmsum flokkum tekið undir málflutning þeirra um markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins.

Því miður segi ég, vegna þess að í heilbrigðiskerfinu eiga markaðslögmálin ekki að gilda. Heilbrigðiskerfið á ekki að skila hagnaði — og það á ekki að kosta sjúklinga að vera veikir. Á Sigga frænka



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

kannski að borga fyrir fótbrotið svo það verði ekki tap á því? Það er engu líkara en það sé ætlan núverandi ríkisstjórnar sem hefur smurt ofan á komugjöld í öllu heilbrigðiskerfinu og orðið tíðrætt um aukinn einkarekstur.

Allt leiðir í eina átt — er einhver búinn að gleyma nefndinni sem starfaði undir forystu Jónínu Bjartmarz og skilaði þeirri niðurstöðu að þeir sem hefðu efni á því ættu að „fá“ að borga fyrir að fara fram fyrir í röðinni? Þetta átti ekkert að bitna á neinum — þeir ríku áttu „aðeins“ að fá betri þjónustu en hinir sem ekki hefðu efni á slíku.

En nú er sem sagt komið í ljós í áður nefndri könnun sem ber yfirskriftina Heilbrigði og aðstæður Íslendinga að fjórir af hverjum fimm Íslendingum eru sammála okkur Vinstri-grænum um að öflugt opinbert heilbrigðiskerfi er ein af grunnstöðum velferðarkerfisins. Þessi stöð hefur nú verið nógud að utan af stjórnarflokkunum með því að fjarlægja ýmsa þræði — eins og skólatannlækningar barna — og nauðsynlegar umbætur eins og að niðurgreiða sálfræðipjónustu hafa ekki verið gerðar.

Þess vegna er svo mikilvægt að mynda nýja ríkisstjórn í vor — sem starfar samkvæmt meirihlutavilja og stendur vörð um heilbrigðiskerfið.

Höfundur er varaformaður Vinstri grænna.

na na thai

Thai Restaurant & Store

Heimsending Matseðill á

www.thaimatur.com

Víð notum: Vel valið hráefni t.d.

- kjúklingabringur
- nauta fillet
- svína fillet
- Lamba fillet
- ferskt grænmeti
- gæða krydd (innflutt af okkur)
- litla olíu
- og fleira

Tælenskur matur

Heimsendingargjald 700 kr.

Skeifan 4 Sími: 588 1818 • 896 3536

Eitt líf – njótum þess

Betra BAK



HOLLANDIA
INTERNATIONAL
THE SLEEP ENGINEERING CENTER



Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmnum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

TempraKON®



Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafurur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



Aðeins frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

Svefnsófar með heilsudýnu



Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Senseo svefnsófi

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

www.betrabak.is

HERA HJARTARDÓTTIR ER 24 ÁRA Í DAG

„26. desember er hefðin sú að fara á strönd sem heitir Tumbledown Bay. Þar hittumst við, 50-60 manns, með jólamatarafganga og höldum „pikknikk“. Síðan köfum við eftir paua-skeljum og fiskum og grillum veiðina á ströndinni.“

Söngkonan lýsir jólahaldi á Nýja-Sjálandi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 1. APRÍL 1985

We Are the World gefið út

Á þessum degi var smáskífa með laginu We Are the World sett á markað til styrktar bágstöddum í Afríku. Það var Harry Belafonte sem átti upphaflegu hugmyndina að efna til fjársöfnunar sem þessarar. Umboðsmaður hans kom verkefniinu svo á koppinn eftir að hafa séð hversu vel til tókst með Band Aid í Bretlandi árinu fyrr.

Uppþökur á laginu fóru fram í A&M hljóðverinu í Hollywood 28. janúar

1985. Það kvöld var sérstaklega valið til að sem flestir gætu mætt, en sama kvöld voru banda-



WE ARE THE WORLD Fjöldi tónlistarmanna kom saman til að taka upp lagið árið 1985. Alls söfnuðust 50 milljónir dollara handa bágstöddum í Afríku með sölu lagsins.

rísku tónlistarverðlaunin afhent og 45 tónlistarmönnum var hrúgað saman inn í hljóðverið.

Alls söng 21 söngvari forsöng, þar á meðal Kenny Rogers, Lionel Richie, Michael Jackson, Tina Turner, Billy Joel, Bob Dylan og Bruce Springsteen. 800 þúsund eintök af smáskífunni seldust fyrstu vikuna en þegar upp var staðið höfðu sjö og hálf milljón eintaka selst í Bandaríkjunum. Alls söfnuðust um 50 milljónir dollara handa bágstöddum í tengslum við þetta verkefni.

MERKISATBURÐIR

- 1855 Einokunarverslun Dana er aflétt hér á landi og Íslendingum leyft að versla við þegna allra þjóða.
- 1896 Álafoss hefur ullarvinnslu sem var starfrækt allt til ársins 1991.
- 1934 Glæpamennirnir Bonnie og Clyde myrða tvo starfsmenn bensinstöðvar í borginni Grapevine í Texas-ríki í Bandaríkjunum.
- 1955 Almennatryggingalögin taka gildi og eru þau talin eitt mesta framfaraspor í sögu félagsmálalöggjafar Íslands.
- 1971 „Lítið rautt kver fyrir skólameyndur“ er gefið út af Sambandi íslenskra námsmanna.

SIGURGEIR SKÚLASON: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG.

Tek öllu með fyrirvara á afmælisdaginn

„Ég hef engar áhyggjur af því að húsið fyllist af fólki í tilefni dagsins því það trúir enginn að ég eigi afmæli,“ segir Sigurgeir Skúlason landfræðingur sem á stórafmæli í dag, 1. apríl. „Ég er fimmtugur, það er víst. Alla vega segir mamma það,“ segir Sigurgeir og bætir við að hann hafi gaman af því að eiga afmæli á þessum degi. „Í seinni tíð hef ég haft gaman af þessu en sem krakki var þetta ekki eins gaman því þá var ég reglulega plataður á afmælisdaginn. Nú er það ég sem plata aðra,“ segir Sigurgeir hress í bragði.

Spurður um sögur tengdum apríl-göbbum sem hann hefur orðið fyrir segir hann af mörgu að taka. „Ég var alinn upp í sveit og oft var ég plataður til þess að hlaupa upp í fjárhús þar sem mér hafði verið sagt að kindin mín væri borin. Oftast var þetta eitthvað í tengslum við sveitina og fyrir vikið tók ég öllu með fyrirvara á þessum degi. Sama hvað ég heyrði.“

Í dag hefur Sigurgeir snúið vörn í sókn og platar sjálfur á afmælisdaginn sinn. Hann vill þó ekki taka undir að hann sé stríðinn. „Ekki að mínu mati en börnin mín eru örugglega ósammála mér. Þau segja að ég sé alltaf að plata þau eitthvað, kannski af því að ég fæddist á þessum degi.“

Sigurgeir ætlar að eyða afmælisdeginum í að horfa á son sinn keppa í körfubolta með Fjölni. „Ég ætla að njóta þess að horfa á hann keppa á Íslandsmóttinu yfir helgina. Dóttir mín er einnig að keppa en því miður næ ég ekki



SIGURGEIR SKÚLASON Sigurgeir heldur upp á fimmtugsafmælið sitt í dag en hann leggur í vana sinn að plata fólk á afmælisdaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að horfa á hana líka. Ég hugsa að ég geri lítið annað yfir helgina enda miklu skemmtilegra að horfa á börnin keppa en halda einhverja veislu. Svo er alltaf möguleiki á að konan eldi góðan mat í tilefni dagsins.“ indiana@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

Soffía Björnsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Dalbæ á Dalvík,

áður til heimilis að Drápuhlíð 48 í Reykjavík, lést fimmtudaginn 29. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Grímur Björnsson
Þorsteinn Björnsson
Björn Á. Björnsson
Páll Kristjánsson
Ingibjörg Björnsdóttir

Björg Jósepsdóttir
Ásdís Arnardóttir
Elisabet Erlendsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabörn.



Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýbug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Helga Hafliðasonar

Hátúni 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítalanum, Landakoti L5, fyrir umönnun og hlýtt viðmót.

Helgi Helgason
Dagbjört Helgadóttir
Júlíus B. Helgason
Hafliði Helgason
Ragnar Hauksson
afabörn og langafabörn.

Anna Kristín Hannesdóttir
Þorkell Hjaltason
Hildur Sverrisdóttir
Barbara Helgason
Josephine Pangolamus



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðriður Eiríka Gísladóttir

sem andaðist fimmtudaginn 22. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, verður jarðsöngin í Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn 2. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjúkrunarheimilið Skógarbæ.

Rafn Kristjánsson
Ingibjörg Rafnsdóttir
Magnús Rafnsson
Sigríður Rafnsdóttir
Auður Rafnsdóttir Bett
Hjördís Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Arnín Óladóttir
Rafn Jónsson
James Bett



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýnda okkur samúð og hlýbug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs, afa og langafa,

Antons Viggó Björnssonar

rafmagnstæknifræðings, Barónstíg 43, Reykjavík.

Anna María Antonsdóttir
Linda Pettersen
Ragnar Antonsson
Björn Antonsson
Theresia Erna Viggósdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Valgarður Unnar Arnarson
Bjarne Pettersen
Guðbjörg Jensdóttir
Cecilia Antonsson
Gísli Helgason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Agnes Auðunsdóttir

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, miðvikudaginn 28. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Gunnar Hannes Biering,

Laufásvegi 17, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 3. apríl kl. 13.00.

Hulda Biering
Rannveig Biering
Jón Gunnar Biering Margeirsson
Bjarni Margeirsson
Herdís Biering Guðmundsdóttir
Kristín Sveinsdóttir
Lára Sveinsdóttir
Hulda og Kormákur.

Margeir Gissurarson
Sigríður Aradóttir
Valdimar Valdimarsson



BLONDE REDHEAD Verður á Nasa 5. apríl og á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður.

Skúli á bassann með Blonde Redhead

Skúli Sverrisson hyggst rífa fram bassann og stíga á stökk með hljómsveitinni Blonde Redhead. Skúli hefur starfað með sveitinni um árabil og hefur meðal annars leikið inn á þrjár plötur en samkvæmt fréttatilkynningu frá tónleikahaldaranum Grími Atlasyni er ákaflega sjaldgæft að hann sé með Blonde Redhead á sviðinu. „Hann gerði það reyndar í Austurbæjarbóí 2004 á mjög eftirminnleg-



um tónleikum,“ segir Grímur. Blonde Redhead verður á faraldsfæti í ferð sinni hingað til lands. Hún leikur á Nasa 5. apríl ásamt Kristín Hersh og hinni vestfirsku Reykjavík! En sveitin heldur síðan rakiðis til Ísafjarðar þar sem hún tekur þátt í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður. Samkvæmt upplýsingum hjá Grími gengur miðsalan á tónleika sveitarinnar á Nasa ákaflega vel en nokkrir miðar eru þó eftir.



**Komdu
norður!**



Matur



Afslöppun



Verslun



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, Listasafnið og önnur skemmtilega söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir, Hrísey – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótél, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á akureyri.is og norðurland.is.

Á RÖKSTÓLUM

Þorsteinn Guðmundsson segir að flestir þeir frægu sem hann heilsa heilsa sér til baka. **Brynja Björk Garðarsdóttir** segir Björgvin Halldórsson vera merkilegasta fræga einstakling sem hún hafi hitt. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hittir þau skötu hjú á reykláusu kafxfihúsi sem Þorsteinn heimaði undir viðtalið og beitti þar nýbura í barnavagni fyrir sig.



ERU BÆÐI VEIMILTÍTUR Þorsteinn Guðmundsson og Brynja Björk Garðarsdóttir vildu bæði að þau væru hinn harðgeri Íslendingur. Þorsteinn hefur að vísu lamið stjórnámann með bók.

Eigum besta ríka fólk í heimi

Reyklaust kaffihús er óheppilegur viðtalsstaður. Sérstaklega á göðviðrisdegi á Laugaveginum. Mæður með barnavagna í eftirdragi og hávaðinn eins og fuglabjarg, allt stappað og til að ná borði þarf að standa eins og hrægammur yfir fólki sem er hugsanlega að klæða sig í vettlingana sína. Af tillitssemi við Þorstein var beiðni hans þó tekin til greina og beiðni þess sem koma skyldi. Brynja Björk hafði aldrei komið inn á Kaffitár og horfði undrandi í kringum sig á mergðina sem þarna sveiflaði ungbörnum á milli sín með snúð í munni meðan hrært var í kaffi latte með tanni. Þorsteinn er fjögurra barna faðir og því vel kunnugur aðstæðum þarna inni en Brynja Björk á kött.

Þrátt fyrir ólíkar fjölskyldu- aðstæður eiga þau þó það sameiginlegt að hafa bæði alist upp í Fossvoginum og um æðar þeirra

kannski er, er að það er svolítið þungt yfir sumum, þeir mættu vera gladari.

Brynja: Mig hefur einmitt alltaf langað til að vera þessi harðgeri Íslendingur sem getur farið út í 10 stiga frosti og hengt upp jólaseríu. En ég er frekar mikil veimiltíta og þegar ég er erlendis trúir því enginn að ég sé frá Íslandi.

Þorsteinn: Það er stórskrítit og ógeðslega leiðinlegt að vera í þessum kulda og myrkri lengi. Ómurlagt að komast ekki út og krakkarnir geta ekki leikið sér nema í geimverubúningum. Ég er líka veimiltíta.

Plágan Helga Braga

Telja þau það veimiltituhátt að fárast yfir því að Spaugstofan noti nýverið þjóðsönginn til að gera grín og að ung stelpa sneið sér bikini úr þjóðfánanum?

Þorsteinn: Mér finnst þetta allt í lagi og gott mál að fólk taki sig ekki of hátíðlega. Hins vegar var þjóðin sett á lista yfir stríðandi

í kjólunum sínum. Svo fór glansinn af þessu þegar maður frétti að sumar hverjar voru með ónýtan glerjung og vélinda eftir átraskanir. Það er engin spurning að þessar keppnir hafa áhrif á ungar stelpur og ekki viljum við að heitasta ósk tólf ára dætra okkar sé að vera með rakaðar lappir og brúnan húðlit. Þetta meikaði allt í einu engan sens lengur eftir að maður vitkaðist. Það er auðvitað líka stóruandleg og úrelt hugmynd að hægt sé að keppa í feðurð.

Þorsteinn: Málið er“ (Þorsteinn er truflaður í miðri feðurðarsamkeppnisumræðu þar sem Helga Braga dúkkar upp með hausinn yfir borðinu, horfir djúpt í augun á Brynju og blaðamanni og hvíslar: „Passið ykkur á honum, hann er ógeðslegur perri. Ég vildi bara koma þessu að.“ Svo kemur hún sér fyrir á næsta borði með ferðatölvu og hafa skal í huga að það sem eftir lifir viðtals eru svör Þorsteins lituð af þrúgandi nærveru leikkonunnar.)

ir á Íslandi og er stoltur af að heilsa þeim. Allra stoltastur er ég af Helgu Brögu. Hún er greind og skemmtileg og með stórt hjarta (innskot blm: og hún situr á næsta borði). Ég hefði að vísu sagt Helga Braga þótt hún sæti ekki þarna.

Brynja: Ég myndi segja að Björgvin Halldórsson væri mesti töffarinn sem ég hef heilsað. Hann er sá eini sem ég hef fengið gæsa húð við að taka í höndina á. Eðli máls samkvæmt þekki ég mikið af frægu fólki, starfandi sem blaðamaður. En það er eitt sem mér finnst svolítið fyndið og það er það að frægir heilsa frægum. Það er svolítið eins og frægir séu í risastór- um klúbbi. Að þú sért kominn inn í einhverja klíku. Það virðist aldrei neinn þora að tala um það þannig að ég ætla að opna umræðuna um þetta núna. Vinur minn sem er þekktur tónlistarmaður var eitt sinn með mér á skemmtistað þar sem var samankominn nokkur fjöldi þekktra einstaklinga. Þar heilsaði mér þekkt söngkona sem

ég hafði aldrei talað við á ævinni og ég horfði á vin minn eins og eitt spurningamerki í framan. „Þetta er svona frægur heilsar frægum. Nú ertu komin í klíkuna,“ sagði hann og ég skellti bara uppúr, mér fannst þetta svo fyndið.

Þorsteinn: Þetta er svona eins og Brynja lýsir. Sigurjón Kjartans lýsti þessu mjög vel þegar ég var að byrja að vinna með honum og spurði hann hvernig það væri að vera frægur. Hann sagði að það væri svolítið eins og að búa á Ísafirði. Það vita allir hver þú ert, kinka kolla til þín og það er allt fínt. Það reyndist rétt hjá honum. Annars fer ég lítið út að skemmta mér, því fólk á það til að breytast í glasi. En annars er það auðvelt að vera frægur á Íslandi.

Ekkert stuð í stjórnámann

Ef það er auðvelt að vera frægur – hvernig halda þau að það sé að vera ríkur? Nú eru skattframtölin nýfarin úr húsum eða af netinu og brátt kemur í ljós hverjir það eru



rennur íslenskt blóð. En hvernig kemur hinn venjulegi Íslendingur þeim fyrir sjónir?

Brynja: Ég er orðin þreytt á þeim klisjukennda Íslendingi sem sýndur er í bíómyndum, skáldskap og auglýsingum frá flugfélögum. Ég held að Íslendingar séu talsvert síðmenntaðari en sá náungi. Við erum ekki alltaf full, alltaf með læti og vesen eða berserkir.

Þorsteinn: Ég er svolítið sammála þessu. Ég geri mikið af því að fara og hitta Íslendinga í alls konar ástandi þegar ég er að skemmta. Það er undantekning ef eitthvað kemur upp á. Fólk fylgist vel með öllu, er vel upplýst og menntað og hefur húmor. Íslendingar fá bara ansi háa einkunn hjá mér. Þetta er góð þjóð. Það eina sem

þjóðir í Írak og mér finnst það vera meiri glæpur en brjóstahaldarar.

Brynja: Ég er svo mikill þjóðernissinni að fánalögin skipta mig miklu máli. Ég var meira fúl yfir bikini- ínu en þjóðsöngnum. Þetta er bara uppeldið, maður mátti ekki missa 17. júní fáninn einu sinni í gólfíð þannig að mér krossbrá þegar ég sá appelsínugula stelpu tóltandi um á bikini úr þjóðfánanum í feðurðarsamkeppni.

Nú er einmitt tími þeirra keppna, feðurðarsamkeppna, að fara að renna upp. Eruð þið á móti þessum keppnum?

Brynja: Ég leit alltaf mjög upp til þessara stúlkna hér áður. Þetta var allt svo stórkostlegt og þær svo finar og sætar, sprangandi um

Þorsteinn: Já, hvar var ég. Það sem ég vildi segja er að þetta er í höndum kvenna. Það eru konur sem taka þátt í þessu, konur sem reka keppnirnar, konur sem horfa á þær. Það er hreinlega ímyndun að það sé pressa frá karlmönnum að þessar keppnir haldi áfram.

Brynja: Ég þekki ekki einn einasta karlmann sem horfir gríðar- spennur á Ungfrú Ísland.

Frægra manna klíkan

En þekkið þið marga fræga? Heilsað þið mörgu frægu fólki og hverjum þykir ykkur merkilegast að heilsa?

Þorsteinn: Ég þekki svolítið margt frægt fólk út af vinnunni og ég heilsa mörgum frægum og það eru fáir sem heilsa ekki á móti. Ég á nokkra vini sem eru þekkt-

→ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

Þorsteinn Guðmundsson

Þorsteinn Guðmundsson er giftur, fjögurra barna faðir, fertugur að aldri. Hann er menntaður leikari og hefur unnið við leiklist, ritstöf, auglýsinga- og dagskrárgerð frá því hann útskrifaðist. Einnig staldraði hann við hjá Ríkisútvarpinu sem sendill í einn dag en endaði á að strjúka úr vinnunni því hann var svo hræddur við hina sendlana. Hann hefur leikið ýmis hlutverk í leikhúsum, sjónvarpi og kvikmyndum og átti til að mynda stórleik sem hinn kúgaði en trausti vinur Arnar í Maður eins og ég. Hann hefur gefið

út smásagnasafn, skáldsöguna Fífl dagsins og ljóðabókina Barkakýli úr tré. Nokkur útvarpsleikrit eru einnig hans hugarfóstur og ekki má gleyma þeim sívinsælu gamanþáttum sem hann hefur unnið að sem höfundur og leikari, svo sem Fóstbræður á Stöð tvö og Atvinnumarkaðurinn á Skjá einum. Þorsteinn hefur ferðast vítt og breitt um landið sem uppistandari.

Brynja Björk Garðarsdóttir

Brynja Björk Garðarsdóttir er 22 ára, í sambúð og á köttinn Baltasar Kor-

sem borga mesta skattinn. Hvað finnst ykkur um manninn með hattinn sem borgar ekki skattinn? Fólkið sem berst á í þjóðfélaginu en samkvæmt framtölum á 7 krónur?

Þorsteinn: Þetta er blásið upp á hverju ári og jafnvel alið á smá öfund. Það er ríkt fólk í landinu og það er bara gott. Þetta fólk rekur kannski stór fyrirtæki sem borga skatt og halda uppi störfum. Hins vegar er auðvitað ekki gott ef fólk er að svíkja undan skatt. En ef þú þarft lögum samkvæmt ekki að borga skatt, afhverju að gera það þá? Hvað finnst þér Brynja?

Brynja: Ég hef trú á því að flestir Íslendingar séu löghlýðnir og séu ekki að svíkja undan skatti en þessir auðmenn sem berast á standa í mikilli orrahrið. Ég held ekki að þeir séu viljandi að reyna að stuða fólk með því að reyna að sleppa við að borga skatt þannig að mér finnst þessi umræða alltaf hálfleiðinleg. Það að viðskiptamönnum gangi vel á Íslandi og erlendis er ekkert nema jákvætt fyrir okkur þannig að þetta er dálítið ósanngjarnt. Ég skil ekki afhverju við ættum að vera að nöldra yfir því að einhver hafi það betri en hinn þegar þetta skilur sér allt að lokum til okkar í auknum hagvexti.

Þorsteinn: Ég held að fólk gleymi einu. Ríkt fólk í mörgum löndum hegðar sér mjög illa. Er flækt í mafíustarfsemi, eiturlyf og glæpi og annað eins. Það versta sem þetta ríka fólk gerir á Íslandi er kannski að fá Elton John til að syngja í afmælinu sínu. Við erum með besta ríka fólk í heimi og við eigum að hætta að öfundast út í það – þetta væri verið miklu verra.

Eru stjórnmalin okkar líka þau bestu í heimi? Hvar viljið þið staðsetja þau á mælikvarðanum leiðinleg, lala eða skemmtileg?

Þorsteinn: Leiðinleg. Það er ótrúlega lítið skemmtilegt við stjórnmal og það er undarlegt hvað þetta fólk er flest allt bara „boring“. Sumir sleppa með að vera ágætir og aðrir eru algjörlega húmorlausir og hlæja ekki að neinum nema sjálfum sér eins og Guðni Ágústson. Ég reyndi einu sinni að lemja stjórnmalamann með bók, hann Mörð Arnason.

Brynja: Mörður náði nýjum hæðum um daginn þegar hann tengdi bílbeltaauglýsingu við bláu höndina og Sjálfstæðisflokkinn. Sagði að þessi almannaheillarauglýsing væri áróður auglýsing fyrir þá.

Þorsteinn: Íslenskir stjórnmalamenn eru örvæntingarfullir og óruggir með sig og hlaupa á eftir skoðanakönnunum og tiskusveifl-

um í þjóðfélaginu. Þess vegna þora þeir aldrei að vera afslappaðir og þeir sjálfir. Ef þeir hefðu einhverja stefnu, þó hún væri ekki alltaf sú vinsælasta, þá væru þeir betri. En þetta er svo desperat lið. **Brynja:** Fólkid sem er að koma inn á vinstri vænginn finnst mér skemmtilegt. Mér finnst Sóley Tómasdóttir stórskemmtileg og sömuleiðis er ég hrifin af Katrínu Júlíusdóttur.

Þorsteinn: En er Sóley komin inn á þing? Hún nefnilega verður leiðinleg þegar hún kemur inn. Óssur getur verið skemmtilegur og hann er indæll.

Minningargreinar íslenski draumurinn

Er ekki aðeins meira stuð í kringum forsetaembættið? Eigið þið ykkur einhvern eftirlætis forseta?

Þorsteinn: Vigdís Finnbogadóttir.

Brynja Björk: Segi það sama. Hún er fyrsti þjóðkjörni kvenforsetinn og á sínum tíma var það mjög stórt skref og frábær kynning fyrir Ísland.

Þorsteinn: Ég held að sú kosning hafi verið það besta sem Íslendingar hafa gert í sínum markaðsmálum. Ég fer út um allan heim og fólk þekkir Vigdís alls staðar og ber virðingu fyrir henni. Ég held að fólk átti sig ekki á því hvað hún gerði rosalega mikið fyrir landið.

Brynja: Hún hefur alltaf verið í forsvari fyrir konur og góður fulltrúi þjóðarinnar. Ég er ekki alveg nógu sáttt við þann forseta sem er í embætti núna. Forsetaembættið á ekki að vera pólitískt og því finnst mér að kjósa mann í þetta embætti sem er jafn pólitískur og hann er mistök.

Þorsteinn: Forsetinn pirrar mig ekkert en ég held hann hafi gert mistök með því að stöðva fjöl-

miðlalögin. Við erum lítil þjóð og við þurfum að standa vörð um samkeppni. Ef eitt fyrirtæki er farið að eiga meiripartinn af fyrirtækjum í landinu og fjölmiðla líka – þá fáum við einhliða mynd af því sem er að gerast. Og það er bara ekki sniðugt. Ég er ekkert á móti þessu fyrirtæki, það er bara of stórt. Það hefði verið allt í lagi ef þeir hefðu fundið sér aðra hluti til að gera meðfram rekstri fyrirtækja sinna en fjölmiðlarekstur. Nú eiga þeir 10-15 fyrirtæki sem koma að fjölmiðlum á Íslandi. Og það hefur áhrif.

Brynja: Ég tel það að stoppa þessi fjölmiðlalög sé hreinlega gott dæmi um þann karakter sem forsetinn hefur að geyma. Þó þú sverjir embættiseið þá hendirðu ekkert þínum pólitísku gildum í ruslið.

Að lokum, hver er hinn íslenski draumur?

Þorsteinn: Ég held að hann sé að

fá opnu af minningargreinum í Morgunblaðinu. Ekki bara eina síðu heldur næstu líka. Breiðopnu. Allir skrifa að þeir hafi elskað þig og hafi borið virðingu fyrir þér. Ég held að það fyrsta sem fólk geri þegar það deyr, sé að kaupa sér Morgunblaðið og fletta upp á sjálfu sér. Það er gott að fá blöndu – einhvern vin, vinnufélaga, úr fjölskyldunni og helst einhverja formenn stéttarféлага.

Brynja: En er þá ekki hálfummó ef allir vinnufélagarnir taka sig saman og skrifa bara svona stutta klausu?

Þorsteinn: Jú, það er halló. Það væri ágætt ef þið skrifið bara minningargrein – væruð þið ekki til í það? Og Helga Braga? Ég á það nú inni.

Brynja: Minn íslenski draumur er bara að reyna að gera heiminn betri á hverjum degi, kannski engar stórvægilegar breytingar, en betri í dag en í gær. ■

Girnileg páska- og blúshátíð

Páskablús 3.-5. apríl

MATSEÐILL 1

Sesarsalat

Romaine salat, kjúklingur, brauðkruður, parmesanostur

Lambakótelettur

Grillað grænmeti, kartöflusalat
2.750 kr.

MATSEÐILL 2

Andalæri

Sultað með appelsínugljáa, klettasalat

Hlýri

Bygg, rauðvínssósa, rötargrænmeti
2.700 kr.

MATSEÐILL 3

Norrænn tapas

Rækjur, birkireyktur lax, síld, kavíar, rúgbrauð

Svínalundir

Gratin með norðlenskum gráðaoosti, salat
3.150 kr.

Borðapantanir í síma 444 5050.

Blúshátíð á Nordica hotel 3.-5. apríl

(sjá www.blues.is)

Páskabrunch

5., 6., 8. og 9. apríl kl. 11.30-14.00

Happy Hour alla daga á barnum kl. 17-19

Tilboð á gistingu á www.icehotels.is



ENNEMM / SIA / NM26911

mák. Brynja stundaði nám við Fjölbautaskólann í Garðabæ og var þar að ljúka námi þegar Mikael Torfason réð hana sem blaðamann á DV árið 2005. Síðan þá hefur hún einnig starfað að dagskrárgerð hjá Sirkus, þar sem hún sá meðal annars um þáttinn partí 101, og er hún nú starfandi blaðamaður hjá Birtningi útgáfufélagi þar sem hún skrifar í tímaritin Séð og heyrnt og Mannlíf. Brynja Björk vakti fyrst athygli þegar hún birtist á ögrandi forsíðu vikublaðsins Sirkus og þótt hún sé tiltölulega ung að aldri hefur henni samt hlotnast sá heiður að vera leikin í áramótaskaupinu, árið 2007.

Nordica hotel
Suðurlandsbraut 2
S. 444 5050
www.vox.is

VOX Restaurant
Opið þri. - lau.
18.30 - 22.30

VOX Bistro
Opið alla vikuna
11.30 - 22.30

V O X
RESTAURANT / BISTRO



HVAÐ Á BARNIÐ AÐ HEITA? Alexandra, Tristan, Adólf, Amos eða Bambi?

Frá Guðrúnu til Apenu

Í nokkur hundruð ár hét einn fimmti þjóðarinnar annað hvort Gunna eða Jón. Týnd börn á 17. júní eru í dag þó sjaldnar kölluð upp eftir þeim nöfnum. Mun líklegra er að í hátalarakerfinu sé auglýst eftir Andra Snæ, Jasmín Dúfu, Aroni Inga eða jafnvel Þoku Klementínu. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* kynnti sér hvaða mannanöfn eru þau heitustu við skírnarfonta landsins í dag.

Aheildina litið eru Jón og Guðrún þau nöfn sem enn þann dag í dag eru algengust í þjóðskrá Íslendinga. Séu aldurshóparnir skoðaðir má þó sjá að allra síðustu árin hafa straumar og stefnur í nafngiftum breyst mikið. Langt fram á 20. öldina var topp tíu listinn yfir vinsælustu nöfnin nokkurn veginn sá sami og hann hafði verið árið 1700 þar sem sígild nöfn á borð við Guðmundur, Bjarni, Sigriður, Margrét og Ólafur trónuðu í efstu sætum. Upp úr 1950 fór það smám saman að breytast og feður og mæður landsins urðu sífellt djarfari og nýjungagjarnari í nafngiftum. Í dag er líklegt að barnið sem þú sérð leika sér í sandkassanum heiti eftir stórborginni þar sem það var getið frekar en eftir ömmum sínum og öfum. Nú eða teiknimyndahetja á borð við Ariel hafi miklu frekar heillað foreldrana en nafnið á langömmu- eða afa. Líkt og Íslendingar ganga í gegnum mismunandi hárskeið eru foreldrar landsins sömuleiðis í gíslingu tískunnar hvað mannanöfn snertir. Án þess þó að gera sér kannski grein fyrir því fyrr en yfirlit yfir algengustu mannanöfn er tekið.

Burkni kom og fór
Hvað karlmannsnöfn snertir hefur

Jóninn ráðið ríkjum í hundruð ára og gerir það enn. Að vísu er tíðin önnur þegar fimmti hver íslenskur karlmaður bar nafnið en í dag eru það aðeins 2% karlmanna sem bera nafnið svo að fjöldi þeirra nafna sem eru í umferð er mun meiri en áður.

Á áttunda áratugnum fylltist þjóðskrá af nýjum nöfnum enda hipparnir, með opna og víðsýna huga, hættir að reykja hass og farnir að eiga börn og buru. Í kjölfarið fylgdi holskefla nýrra nafna. Andri, sem ekki hafði sést á topplistanum, komst í efri sætin sem og nafnið Daníel. Eitthvað hefur náttúran og dýralífið verið hippunum hugleikið því Kári, Arnar og Örn urðu næstvinsælustu nöfnin á þessum árum, Arnar sem fyrra nafn og Örn sem seinna. Davíð og Sindri tóku slaginn við toppana á listanum og náðu að hasla sér völl sem vinsælustu nöfnin.

Goðafræðin kom líka sterk inn með blómabörnunum sem skírðu afkvæmi sín eftir fuglum og Þór og Freyr urðu það heitasta heita, sérstaklega sem seinni nöfn. Nöfn hafa líka komið og farið. Burkni var til að mynda mjög móðins í

VINSÆLSTA TVÍNEFNIÐ
Því má velja fyrir sér hvort rekja megi vinsældir nafnanna Andri Snær til rithöfundarins sjálfis en samkvæmt Hagstofu bera flestir í yngsta aldurs-
hópnum það tvínefni.

kringum 8. áratuginn en í dag eru nýskírð börn fæst kennd við þann gróður.

Arons-æðið

Nokkrum árum síðar var ný kynslóð foreldra tekin við og um miðjan tíunda áratuginn mátti sjá þess glögg merki að svokölluð A-nöfn rúluðu í þjóðskrá. Alexander byrjaði hægt og bitandi að skrifa upp listann og í dag ber afar stór hluti yngstu kynslóðarinnar nafnið. Ekkert jafnast þó á við það mikla Arons-æði sem greip um sig meðal nýbakaðra foreldra og eins undarlegt og óútskýranlegt og það kann að virðast er það í öðru sæti yfir algengasta karlmannsnafn á leikskólum landsins. Sérlega vinsælt er að splæsa öðru nafni með og Aron Ingi og Aron Máni eru tvínefnum landsins. Enda eru tvínefni mun vinsælli í

dag en áður þar sem hér á öldum áður heyrði það til undantekninga ef einstaklingar báru tvínefni. Það fór ekki að breytast fyrr en um miðjan sjöunda áratuginn og í dag bera 80% barna á aldrinum 0-4 ára tvö nöfn. Allra vinsælasta tvínefni dagsins er Andri Snær en Sindri Snær kemur þar rétt á eftir.

Af gömlum slögurum eru nöfnin Sigurður og Jón þau einu sem enn eru á topp 10 og Guðmundarnafnið á alltaf sinn fasta addáendahóp.

80s-stjörnurnar Sara og Sandra

Guðrún var allra vinsælasta kvenmannsnafnið samkvæmt manntali árið 1703 og er enn þann dag í dag drottning þjóðskrár. Þó er af sem áður var þegar 17% kvenna báru nafnið en í dag heita aðeins um 2% kvenna Guðrún. Og ef þær hétu ekki það hétu þær Sigriður, Margrét, Ingibjörg, Kristín, Helga, Þuríður, Guðríður, Guðný og Þórunn. Um miðja 19. öld er nafnið Guðrún enn algengast en hástökkvarinn á þeim tíma er þó nafnið Anna sem kemur sterkt inn og síðustu fjögur árin hefur verið algengast að stúlkubörn séu skírð því nafni. Klassíkin ræður þó áfram ríkjum og segja má að breytingarnar verði fyrst áþreifanlegar upp úr 1970. Sandra og Sara dúkka upp sem vinsæl nöfn

EVA MARÍA Eva María er vinsælasta tvínefnið sem gefið er börnum undanfarin ár.

→ NÖFN ÚR GYÐINGDÓMI VINSÆL

Fáir hafa farið varhluta af þeim vinsældum sem nöfn úr gyðingdómi njóta um þessar mundir. Erfitt er að skýra af hverju þessar vinsældir stafa og minnir nokkuð á þegar Íslendingar draga upp jólastjökana sína og stilla upp úti í glugga fyrir jólin, en þeir líkjast ansi mikið þeim stjökum sem gyðingar nota. Þannig eiga nöfnin Ísak, Gabriel, Mikael, Eva, Rut og Aron sér marga áhangendur og eru í langefstu sætum á lista nýskírðra barna. Þetta er séríslenskt fyrirbæri að skíra börn sem ekki eru gyðingar nöfnum eins og Ísak en erlendis heitir enginn slíku nafni nema tilheyra því þjóðarbroti.



→ NÝJASTA NÝTT

Undanfarin ár hefur mannanafnanefnd staðið í ströngu við að svara óskum foreldra um ýmis skemmtileg og óvenjuleg nöfn og sýnist hverjum sitt um fagurfræðilegt gildi þeirra. Sumt er leyft og öðru er hafnað og margar undarlegustu beiðnir berast að næturlagi og um helgar, sem gefur ef til vill til kynna að þar sé meira um partileiki en alvöru að ræða. Til dæmis hefur nafnið Bambi, sem mannanafnanefnd samþykkti, aldrei verið skráð í þjóðskrá, þannig að þó að mannanafnanefnd samþykki nöfnin er ekki þar með sagt að þau verði svo notuð. Af þeim nöfnum sem undanfarin ár hafa öðlast samþykki má nefna karlmannsnöfnin Tóki, Dreki, Sókrates, Mosi, Náttmörður, Nóvember, Atlas og Svörfuður. Nýjstu kvenmannsnöfnin eru svo til að mynda Klementína, Fjalldís, Elektra, Asia, Tristana, Naranja og Amadea. Þær meginreglur sem mannanafnanefnd fer eftir eru fimm. Í fyrsta lagi þarf nafnið að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við íslenskar ritvenjur nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess. Nafnið má ekki vera þannig að það geti orðið þeim sem ber það til ama. Og stúlku má aðeins gefa kvenmannsnafn og dreng aðeins karlmannsnafn. Alkunna er að fólk beri ólögleg nöfn, svo sem margar konur sem bera karlmannsnafnið Blær. Af nöfnum sem mannanafnanefnd hefur meinað foreldrum að skíra börnin sín, því þau gætu orðið þeim til ama, má nefna Engifer og Sataníu.

og verða tískunöfn þessara ára og við þær sem ekki vorum skírðar þeim nöfnum vildum innst inni allar heita Sara eða Sandra. Hildur kemur sterk inn og flýgur í áttunda sætið í kringum 9. áratuginn en hafði tuttugu árum áður ekki einu sinni verið meðal þeirra nafna sem voru í fyrstu fimmtíu sætum. Íris er blóm blómanna og Íris Ósk varð mjög vinsælt tvínefni á 9. áratugnum. Rakel og Sif voru líka mjög í anda þess tíma og margar frænkur og systur báru nafnið Karen. Með auknum vinsældum tvínefna komu nöfnin Rut, Ýr, Dögg, Lilja, Rún og Björk í nafnapartíið sem seinni nöfn.

A-nöfn vinsæl

Síðustu árin hefur allt verið vitlaust á nafnamarkaðinum og ný og ný nöfn líta dagsins ljós á degi hverjum. Af vinsælustu kvenmannsnöfnum allra síðustu ára má nefna Freyju, Birtu og Telmu. Guðrún er komin í fjórða sætið og Rakel og Sara eru enn mjög vinsæl. Ný nöfn skjótast upp vinsældalistan og þar má sjá Apenu, Magðalenu, Alexöndru, Natalíu, Anítu og Emblu mjög ofarlega. Hvað seinni nöfn varðar þykja nöfnin Sól, Eir, Marín, Ösp, Líf og Mist greinilega mjög smart og Ósk lifir góðu lífi ennþá. Í báðum flokkum, karla og kvenna, eru Alexander og Alexandra „hittarar“ síðustu ára. ■



MASTERCARD KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT:

SÍÐAN SKEIN SÓL - SÍÐASTA VETRARDAG
ÓRAFMAGNADIR 20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
18. APRÍL Í BORGARLEIKHÚSINU

20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

SÍÐAN SÍÐASTA SKEIN VETRAR SÓL DAG

FJÖLDI LANDSÞEKKTRA

GESTA OG ÖLL

BESTU LÖGIN

Í NYJUM BÚNINGI



20% afsláttur af öllum
innlendum viðburðum ef
greitt er með MasterCard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

Miðasala hafin hjá
Borgarleikhúsinu
og á Miði.is!





ÍSLENSKIR FRÍÐARGÆSLULIÐAR ÁSAMT KERMIT Þeir Palli og Frikki tóku sig til og reistu bílalyftu í frítíma sínum. Þeir stilltu sér síðan upp við bílinn Kermit, sem var skreyttur samkvæmt pöntun Íslendinganna í Kabúl.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

Velkomin til... hérna, Kabúl



Klemens Ólafur
SKRIFAR FRÁ
AFGANISTAN

Blaðamaður Fréttablaðsins, Klemens Ólafur Prastarson, heimsótti Íslensku friðargæsluna í Kabúl í Afganistan á dögunum. Margt bar fyrir augu og birtast hér brot úr dagbókum hans.

FRÍÐJUDAGUR Íslensk páskaegg í Ístanbul

Erindreki utanríkisráðuneytis raskar svefni mínum um klukkan 4.30. Ferðalag uppá 6.660 kílómetra framundan. Fljúgum til Osló. Með rútu til flugvallar norska hersins. Erindrekinn er með kassa merktan Nóa-Síríus; flytur friðargæsluliðum páskana til Afganistans. Og á Nóa þekkjumst við á vellinum; íslenskur hergagnaframleiðandi heilsar upp á okkur. Hann er á sömu leið, á vegum og í búningi norska hersins. Kveðjum vestræna menningu með pulsu og kók.

Tyrkneskt leiguflyg flytur okkur og hermennina til Ístanbul á þremur og hálfum tíma. Þar er okkur gert að bíða um nóttina í fríhöfninni í þrjá tíma til viðbótar. Undarlegur staður þessi tómlega fríhöfn. Verslanir loka ekki, þótt einungis sé ein vél með áhugalausum hermönnum um hituna. Mosku má finna í kjallaranum og norskur herprestur er á vappi. 3.581 kílómetri eftir.

MÍÐVIKUDAGUR Velkomin til... hérna, Kabúl

„Welcome to... e... Kabúl,“ náði hún loks að botna, tyrkneska flugfreyjan með aflitáða hárið. „Thank you for flying Pegasus Airlines,“ sagði hún næst við hermennina. Herflugið var hið ljúfasta; engin grenjandi börn og pláss til að leggja sig.

Það er sól í Kabúl og lýsir af hvítum toppum fjallahringisins sem umlykur borgarstæðið. Djúpar skorur í malbiki flugvallarins. Vél frá Aserbaísjan á vinstri hönd, Kam-Air hægra megin, en það flugfélag er í eigu sterkefnadra Hasara. Þeir eru til, þótt ekki sé svo að skilja á Flugdrekaflaugarannum. Háaldraðir Volvo og Scania tankbílur standa moldugir í sólinni, án sjáanlegs hlutverks.

Erum heldur rislág eftir volkið í háloftunum. Framundan bíður að

því er virðist fúlskeggjaður allsherjargoði í norsku herbúningi með útbreiddan faðminn. Hann heilsar okkur á íslensku. En þetta er víst ekki goði og búningurinn er íslenskur, eftir norskrri fyrirmynd. Sá skeggjaði, Ingi Þór, útbýtir lykklum að svefngámum og býður upp á ömurlegt kaffi. Höldum í biltúr um flugvöllinn, sem er eitt risavaxið framkvæmdasvæði og alþjóðleg herstöð.

Skyndilega heyrast sprengingar í fjarska. Enginn kippir sér neitt upp við það. En þegar þær endurtaka sig stuttu síðar vill Ingi Þór vita hver fjandinn sé á seyði og skokkar í átt að flugbrautinni til að átta sig. Já, þetta er í malarnámunni hér í austri. Ef þið heyrð sprengingar þaðan er ekkert að óttast. Sprengingar úr vestri, það væri önnur saga.

Seinna á ferð með öðrum friðargæsluliða. Hann tæmir tankbíl af einhverjum slökkvívökva ásamt bandarískum verktafka. Sá er ekki á því að hljóðin hafi borist úr malarnámunni og segir frá svipuðum hávaða fyrir í mánuðinum. Ekkert hafi verið um það rætt, en hann viti fyrir víst að þá hafi verið eldflaugaárás í höfuðborginni.

Um kvöldið er farið á eina af fjölmörgum krám á kampnum: Nordica, samskandinavískur staður. Þjórneysla á beis er takmörkuð við tvo skammta á mann.

FIMMTUDAGUR Villikettir þýska hersins

Allahakbar! Ljúfursöngur morgunbænarinnar rýfur annars andvöknótt. Tónarnir heyrast greinilega inn í gáminn, en moldarhús Kabúlborgar standa rétt upp við giröngu flugvallarins.

Morgunmatur í stórum sal, sem tekur eflaust þúsund manns. Hungangsmelónur og sætar appelsínur, innfluttar frá Dubai-furstadæminu og framreiddar af Pakistönnum og Filippseyingum. Hér eru allra þjóða kvikindi. 37 þjóðir standa

hér opinberlega að alþjóðlegu hernámi/uppbyggingu. Jafnvel Albanar eru hér áberandi með sinn volduga arnarþrýdda fána gnæfandi yfir eldhúsinu.

Hér á kampi eru fjölmargar verslanir sem selja bækur, búrkur, sælgæti og kúbverska vindla. Þýska búðin selur minjagripni um þýska herinn. Á einum bolnum, undir mynd af vopnuðum þýskum sérsveitarmönnum, stendur „Við gerum húsléit, UM ALLAN HEIM!“ Víst er sjálfstraust Þjóðverja að aukast.

Á drullugum götum ráfa villikettir í leit að rottum. Þeir eru ámátleg dýr og mjálma ekki, heldur æpa afar mannlega, svo kalt vatn rennur milli skinns og hörunds. Þeir eru varir um sig, enda rétttræpir pestberar.

Kabúl-sprænan sem rennur gegnum höfuðborgina liggur að flugvellinum, undir hann og út hinumegin. Lækurinn er opin skólprás borgarinnar. Sem betur fer er vindur máttlaus.

Í filippseyska kaffihússgámnum er þröngt og sest hjá mér frönsk/alsírsk herstúlka. Hún kom hingad sjálfviljug, en sér eftir því og hlakkar mikið til að komast heim að lifa eðlilegu lífi. „Sometimes, is like prison,“ segir hún mér dapurlega.



GULLEGGIN GÓÐU Erindreki utanríkisráðuneytisins flutti súkkulaðiegg út með herflugi til sextán friðargæsluliða í Afganistan.

FÖSTUDAGUR Jarðsprengjur og belgísk nýlendustefna

Keyrum um næsta nágrenni. Þar eru miklar framkvæmdir, því innan skamms á að flytja hernaðarstarfsemina um set og koma þar upp borgaralegri starfstöð með fraktgeymslum og tilheyrandi. Í fimm ár hefur verið hér vestrænn her og enn er verið að hreinsa nánasta umhverfi herstöðvarinnar af jarðsprengjum. Sífellt finnast ný menguð svæði. Afganar eru vanir þessu og setja víst ekki efst á forgangslistann að segja Sameinuðu þjóðunum hvar jarðsprengjur megi hirta úr jörð. Það er grámyglulegt og blautt á jarðsprengusvæðinu við flugvöllinn. Afganarnir standa þar í skotheldum vestum og pota prikum í jörðina.

Friðargæsluliði gerir mér ljóst að í Kabúl sé blaðamönnum ekki treyst. Nokkuð erfitt að fá Íslendingana í viðtal.

Um kvöldið spjalla ég við miðaldra belgíska lögreglumann, sem ferðast víða við störf sín. Þeir segja mér frá ástandinu í Kongó. Torvelt sé að koma landinu í hendur heimamanna, sem nenni engu. Kongóbúar þjáist af „svörtu gáfnafari“ og vilji ekki læra. Því þurfi

belgískir sérfræðingar og fyrirtæki að stjórna ýmsu þar, enn um sinn.

LAUGARDAGUR Á blápræði með Ice Baby

Heimsæki bandarískan ofursta, sem dvelur í höfuðstöðvum Alþjóðlegu öryggissveitanna, ISAF. Til þess þarf bílalest. Minnst tvo brynvarða bíla og eina fimm breska sérsveitarmenn. Klæddur í níðþungt járnvesti og með hjálm á höfði. Bretarnir með vélbyssur. Bílferðin hefst á undirbúningsrapporti þar sem farið er yfir hvernig bregðast skuli við fyrirsát og hvað „sá eini sem eftir lifir“ eigi að gera, fari illa.

Keyrum gegnum bæinn og bílstjórinn virðist forðast allt sem nálgast bílinn, jafnvel lítill börn. Í hernaði leynast hætturnar víða.

Á leiðinni til baka eru sérsveitarmennirnir okkar beðnir að vernda vörubíl sem flytur vistir á flugvöllinn. Höldum af stað. Herjeppi fremst og aftast og vörubíllinn fyrir miðju. Á hringtorgi hverfur fremri herjeppinn skyndilega. Talstöðin dettur út um leið. Breski sérsveitarmaðurinn Ice Baby frá Suður-Afríku státar af sex ára reyngslu, en fríkar út. „I've lost



LÚNIR FERÐALANGAR Í FURSTADÆMINU Mjúkir iðandi nuddstólar Sharjah-furstadæmisins rey

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Matreiðslumaður óskast á Hótel Sögu

**Okkur á Hótel Sögu vantar
matreiðslumann í liðsheid okkar**

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma **820 9919**
virka daga milli kl. 10 og 14, eða í tölvupósti
karl.davidsson@radissonsas.com

Radisson SAS Hótel Saga
Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótél, búið öllum
helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngu-
fjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótél
byggt á sigildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir
á öllum sviðum eru í fyrirrými. Radisson SAS Hótel Saga er
hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótél í Evrópu,
Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjú Hótel Sögu starfa um
130 manns.



Fjármálasérfræðingur hjá Fjármálasviði Reykjavíkurborgar

**Fjármálasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða
fjármálasérfræðing í vinnu við áætlanagerð, grein-
ingu uppgjöra, kostnaðareftirlit og skyld verkefni.**

Starfssvið:

- Fjárhagsáætlunargerð Reykjavíkurborgar
- Skýrslugerð
- Eftirlit með uppgjörum og frávikagreining
- Greining fjárhagsupplýsinga
- Fjármálaráðgjöf og þjónusta við svið og fyrirtæki borgarinnar
- Ýmis tilfallandi verkefni er varða fjármál borgarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði,
framhaldsmenntun kostur.
- Þekking og reynsla af reikningshaldi og áætlanagerð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná
árangri.
- Skipulagshæfni og frumkvæði.
- Tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem
stjórnartæki.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk. Umsóknir og ferilskrár ósk-
ast sendar rafrænt á netfangið hildur.osp.gylfadottir@reykjavik.is
is og mun móttaka umsókna verða staðfest.

Nánari upplýsingar um starfið veita Halldóra Káradóttir, skrif-
stofustjóri fjármála í síma 411-3507 og Hildur Ösp Gylfadóttir,
starfsmannastjóri í síma 411-3505

Leiðarljós Fjármálasviðs er að þróa og innleiða hjá Reykjavík-
urborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikn-
ingshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum
Fjármálasviðs, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar,
borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og
kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa
hjá Fjármálasviði þar af 15 á skrifstofu fjármála en hún er stað-
sett í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Styrkjunum er ætlað að hvetja lóðarhafa til að sinna endurbótum á slitlagi á heimtröðum í einkaeign, en þeir ná ekki til stofnframkvæmda eða bílastæða.

Umsóknareyðublið og reglur um styrki má nálgast á vef Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs/umsoknir eða í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2.

Umsóknir sendist á netfangið fs@reykjavik.is eða í þjónustuver Framkvæmdasviðs í síðasta lagi **miðvikudaginn 18.apríl 2007**. Þjónustuverið er opið alla virka daga frá 8:20 til 16:15.

Ákvörðun um styrkveitingar liggur fyrir innan 2 mánaða frá lokum umsóknarfrests og fá allir umsækjendur bréf um niðurstöður umsóknar.

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs





PACKARD BELL

Packard Bell á Íslandi
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell er Tölvutek að bjóða upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.

Hágæða ferðatölvur
Packard Bell er heimsþekkt merki í ferða- og borðtölvum og hefur verið lengi í bransanum. Packard Bell gerir alltaf aðeins betur en aðrir og er nýja vélin með 2.1 hljóðkerfi, lykklaborði í fullri stærð ásamt talnaborði og fleiri nýjungum.

Service Center
Þjónustudeild Tölvuteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tækimönnum landsins með áratuga reynslu í þjónustu á fartölvum og tölvubúnaði.

Til afgreiðslu
Strax
meðan birgðir endast




RISA
1.4 KG PÁSKAEGG
FYLGR NÝJUM TÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**OPIÐ Í
DAG
12-17**

PACKARD BELL FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI



Intel Core Duo
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri atkósti ef unnið er í mörgum forritum í einu



DIAMOND VIEW
Einn besti ferðatölvu-skjárninn í dag. Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða



128MB Go7400
Eitt öflugasta skjákortið í dag með 128MB DDR3 minni og allt að 384MB Turbo Cache



VEFMYNDAVÉL
Hágæða vefmyndavél með 30 ramma á sek. ásamt Skype Certified MIC innbyggð í skjáinn



VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar



TALNABORÐ
Packard Bell er eina 15.4" fartölvun á markaðinum með lykklaborði í fullri stærð með talnaborði

- Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 16ms skjár
- 128MB GeForce Go7400 skjákort
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- Bluetooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- Hágæða vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

1 19.900



9.992

Engir vextir í 12 mánuði

OPNUNARTÍMAR

- 1. apríl**
12:00 - 17:00
- 2. apríl**
10:00 - 19:00
- 3. apríl**
10:00 - 19:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

MANNRÉTTINDI

MANNRÉTTINDASAMNINGAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA. ÁHRIF ÞEIRRA, FRAMKVÆMD OG TENGSL VIÐ MANNRÉTTINDASÁTTMÁLA EVRÓPU.

THE UN COVENANTS ON HUMAN RIGHTS; EFFECTIVENESS OF IMPLEMENTATION, METHODS AND RELATIONSHIP WITH THE EUROPEAN CONVENTION ON HUMAN RIGHTS.

Ráðstefna Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands

Norræna húsið, mánudaginn 2. apríl kl. 13.30



13.30 Ráðstefnan sett.

13.35 Ávarp utanríkisráðherra, **Valgerðar Sverrisdóttur**.



13.45 **Francoise Hampson**, prófessor við lagadeild Essexháskóla og sérfræðingur í undirnefnd Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna: **Gagnsemi Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga.**

The effectiveness of the UN implementation system for international human rights obligations.



14.15 **Elisabeth Palm**, sérfræðingur í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, fyrrum dómari við Mannréttindadómstól Evrópu: **Tengsl alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg- og stjórnmáleg réttindi og Mannréttindasáttmála Evrópu.**

The interrelationship between the UN Covenant on Civil and Political Rights and the European Convention on Human Rights and interpretation methods.



14.45 Kaffihlé.



15.15 **Eivind Smith**, prófessor við lagadeild Óslóarháskóla: **Er lögfesting nauðsynleg til að tryggja innleiðingu samninganna í landsrétt? Reynsla Norðmanna.**

Incorporation of the Covenants into national law – A necessary condition for their implementation? Experience from Norway.



15.45 **Björg Thorarensen**, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands: **Samspil stjórnarskrárbundinna mannréttinda og réttinda sem tryggð eru í samningum Sameinuðu þjóðanna frá 1966.**

The interplay between Constitutional rights and Covenant rights.



16.15 **Pallborðsumræður**. Þátttakendur verða auk fyrirlesara: Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

17.00 Ráðstefnuslit.



Fundarstjóri: Brynhildur G. Flóvenz, lektor við lagadeild Háskóla Íslands og stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands.



Aðgangur er ókeypis og öllum opin.
Boðið verður upp á léttar veitingar.
Öll erindi á ráðstefnunni verða flutt á ensku.
Utanríkisráðuneytið styrkir ráðstefnuna.



MANNRÉTTINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.hi.is



Utanríkisráðuneytið



Ein af fjórtán Helena Sverrisdóttir gaf 14 stoðsendingar á félagana sína í Haukaloðinu í gær og hér sést ein þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Haukar í úrslitin

Komnar í lokaúrslitin á móti Keflavík eftir öruggan 22 stiga sigur á ÍS, 81-59, í oddaleik á Ásvöllum í gær.

KÖRFUBOLTI Íslands- og bikarmeistarar Hauka eru komnir í lokaúrslit Iceland Express deildar kvenna annað árið í röð eftir sannfærandi 81-59 sigur á Stúdínum í oddaleik á Ásvöllum. ÍS-liðið átti ekki möguleika gegn grimmi og samstilltri vörn Haukana, þær skoruðu aðeins 11 körfur og 38 stig í fyrstu þremur leikhlutunum og þurfa að sætta sig við að detta út í oddaleik þriðja árið í röð.

„Loksins kom þetta hjá okkur og við vorum að spila mjög vel í þessum leik. Þetta er búið að vera mjög erfitt einvígi en það er alltaf gaman að vinna svona leiki,“ sagði Helena Sverrisdóttir, sem stjórnaði Haukalestinni með glæsibrag og náði þrefaldri tvennu, skoraði 17 stig, tók 12 fráköst og gaf 14 stoðsendingar. „Það var rosalega sárt að tapa fyrir þeim á fimmtudaginn og við mætum tilbúna og ætluðum okkur að gera allt til þess að komast í úrslit,“ sagði Helena.

Ifeoma Okonkwo spilaði sinn besta leik í einvíginu, Krístrún Sigurjónsdóttir var mjög góð sem og Pálína Gunnlaugsdóttir í vörninni en Pálína fiskaði meðal annars fjóra ruðninga. Hjá ÍS var Signý Hermannsdóttir sú eina sem sýndi sitt rétta andlit.

„Við spiluðum ótrúlega vel og eins og lið. Stelpurnar voru að spila frábæra vörn í fyrstu þremur leikhlutunum,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, sem segist hafa lagt áherslu á að stoppa

Casey Rost. „Við lögðum mjög mikla áherslu á að stoppa hana því hún var búin að vera rosalega góð á móti okkur. Við settum Ifeoma á hana til að byrja með og svo skipti ég mjög ört um varnarmenn á henni. Ifeoma slökkti samt alveg á henni í byrjun,“ sagði Ágúst en Casey Rost, sem hafði skorað 27 stig að meðaltali og hitt úr 53% skota sinna, skoraði aðeins 11 stig í leiknum, klickaði á 13 af 16 skotum sínum og tapaði 6 boltum.

„Það tekur mikið á að vera komin í þessa stöðu eftir að hafa átt svona glæsilegt tímabil. Það héldu allir að við myndum klára þetta 3-0 eða kannski 3-1 og það var mikil press á liðinu. Við höfum trú á heimavellinum okkar og stelpurnar í liðinu hafa mikla trú á hverri annarri og það hjálpaði okkur gríðarlega mikið,“ sagði Ágúst, sem vildi hrósa ÍS-liðinu.

„ÍS er með virkilega gott lið og var að spila miklu betur en í deildinni í vetur. Nú erum við að fara að spila við annað mjög gott lið í úrslitunum,“ sagði Ágúst að lokum.

ooj@frettabladid.is

HAUKAR-ÍS

81-59

Stig Hauka: Ifeoma Okonkwo 30 (9 frák.), Helena Sverrisdóttir 17 (14 stoðs., 12 frák.), Krístrún Sigurjónsdóttir 16, Sigrún Amundadóttir 7, Svanhvit Skjaldardóttir 5, Unnur Tara Jónsdóttir 4, Sara Pálmadóttir 1, Hanna Hálfðanardóttir 1.

Stig ÍS: Signý Hermannsdóttir 16 (13 frák., 6 varin), Casey Rost 11, Tinna Björk Sigmundsdóttir, Hafdis Helgadóttir 8, Þórunn Bjarnadóttir 6, Berglind Ingvarsdóttir 4, Alda Leif Jónsdóttir 2, Helga Jónsdóttir 1.

Snæfell vann dramatískan sigur á KR á útivelli:

Aftur flautukarfa

KÖRFUBOLTI Snæfell vann frábæran sigur á KR í DHL-höllinni í Vesturbænum í þriðja leik liðanna í undanúrslitum Iceland Express deildarinnar í gær, 63-61, með sigurkörfunni þegar tvær sekúndur voru eftir af leiknum. Leiksins verður ekki minnst fyrir góðan körfubolta en mikil spennu bætti upp fyrir gæði leiksins. Stigaskor var í lágmarki og góðar varnir, mikil barátta og hátt spennustig réði ríkjum.

Frábær leikur Brynjars Þórs Björnssonar hélt KR inni í leiknum en aðrir lykilmenn liðsins fóru í felur og gerðu lítið sem ekkert. Brynjar Þór jafnaði leikinn með sinni sjöttu þriggja stiga körfu þegar sex sekúndur voru til leiksloka, 61-61, en Justin Shouse skoraði sigurkörfuna tveim sekúndum áður en lokaflautið gall með glæsilegu sniðskoti.

Benedikt Guðmundsson þjálfari KR sagði í leikslök að það væri langt síðan hann hefði séð lið sitt spila eins illa.

„Við þurfum að spila betur til að vinna í Hólminum. Það er samt nóg eftir af þessu einvígi. Við lentum líka upp að vegg gegn ÍR en þá unnum við útisigur og kláruðum einvígið svo heima og nú þurfum við að endurtaka leik-



HETJAN Justin Shouse skoraði sigurkörfu Snæfells. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

inn.“ Snæfell leiðir einvígið 2-1 en þrjá sigra þarf til að leika til úrslita.

Þrátt fyrir að tapa boltanum 26 sinnum í leiknum sigraði Snæfell og segir Hlynur Bæringsson ástæðu þess vera einfalda.

„Vörnin hélt og við hirtum mun fleiri fráköst en þeir. Nú verður rokk og ról á heimavelli, við ætlum ekki að tapa fyrir fram-ann okkar frábæru áhorfendur! Við fengum mikinn stuðning hér á útivelli og mér leið eins og ég væri á heimavelli.“
- gmi

KR-SNÆFELL

61-63

Stig KR: Brynjar Björnsson 31, Jeremiah Sola 11, Darrí Hilmarsson 6, Fannar Ólafsson 5, Tyson Patterson 4, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Edmond Azemi 1.

Stig Snæfells: Justin Shouse 15, Sigurður Þorvaldsson 15 (13 frák.), Hlynur Bæringsson 14 (10 frák.), Helgi Guðmundsson 8, Jón Ólafur Jónsson 6, Magni Hafsteinnsson 3, Martin Thuesen 2.



Komdu við í verslun okkar í Smáranum. Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.



Opnunartímar:

mán 10:00 – 18:00
fös

lau 11:00 – 16:00

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Hvíldu þig vel um páskana



Rúmgafnar í öllum stærðum og gerðum
Margir litir í boði



Þrjár tegundir af svefnsófum

Yfir 20 litir í boði



Frábær fermingartilboð



Þú sefur betur í rúmi frá Lúr



Búið er að styrkja kant dýnunnar og þau svæði þar sem mestur þunginn hvílir, það kemur í veg fyrir að rúmið bælist. Dýnan hefur þann eiginleika að þegar rekkjunautur þinn byltir sér færast engin hreyfing yfir til þín, og þú sefur vært alla nóttina án truflana. Dýninni þarf aldrei að snúa.

> Cate Blanchett

Innan við ári eftir að Cate útskrifaðist úr leiklistarskóla, þá 23 ára, var hún orðin vinsæl leikkona í Ástralíu. Hún kom fram í fjölda sviðsuppsetninga og lék meðal annars á móti Geoffrey Rush í Hamlet. Árið 1994 hlaut hún tvönn verðlaun frá leikhúsakademíunni í Sydney og fljótlega var hún farin að birtast í sjónvarpsseríum. Árið 1997 lék Cate í fyrstu bíómyndinni, Paradise Road, og stuttu síðar lék hún aðalhlutverkið í Elizabeth og hlaut fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína. Cate er gift handritahöfundinum Andrew Upton og búa þau ásamt tveimur sonum í Sydney, Ástralíu. Cate leikur í The Life Aquatic sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ELSKAR EKKI RAYMOND

Allir elska Marie

Af hverju elska allir Raymond? Það er mér óskiljanlegt. Hann er húðlatur, heimskur, ekkert sérlega snoppufríður. Hann er tillitslaus við eiginkonuna, getur ekki sýnt tilfinningar og hefur ekki vott af neinu sem heitir klassi. Eiginkonan Debra er álíka óáhugaverð, kannski helst af því hún lætur sér lynda að eiga Raymond sem eiginmann. Hún hefði átt að hlaupa við fyrsta baulið sem heyrðist út úr nöldurskjóðunni.

Þrátt fyrir þetta eru þættirnir um aumingjann hann Raymond afskaplega skemmtilegir. Það er þó ekki Raymond sjálfur sem nær að lokka mig að skjánum heldur sú sem heldur þættinum algerlega uppi: Blessuð tengdamóðurmyndin hún Marie. Ekki vildi ég óska nokkurri manneskju að eiga hana sem ömmu barna sinna, en sem persóna í grínþætti er hún fullkomin. Hún talar of mikið með skrækri óþolandi röddu, hún er ótillitsöm, tilætlunarsöm og frek. Fullkomin.

Doris Roberts er yndisleg leikkona og í mínum huga á svipuðum palli og Patricia Routledge sem snobhænan Hyacinth



Bucket í bresku þáttaröðinni Keeping up Appearances, þótt hún sé vissulega skör hærra.

Doris er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt sem Marie Barone. Ferill hennar 76 ára leikkonu hófst þó löngu fyrr, árið 1952. Hún hefur komið fram í fjölda sjónvarpsþátta, leikið í kvikmyndum og á sviði á Broadway. Fyrir hlutverk sitt sem móðir Raymonds hefur hún hlotið sjö tilnefningar til Emmy-verðlauna og unnið þau fjórum sinnum. Að lokum má nefna að Doris Roberts á það sameiginlegt með Marie að elska að elda. Árið 2005 gaf hún út bókina „Are You Hungry, Dear? Life, Laughs, and Lasagna.“

MARIE BARONE Doris Roberts í hlutverki sínu sem Marie.

dagskrá

EKKI MISSA AF



► **19.50 Sjálfstætt fólk** STÖÐ 2



► **22.35 Andstæðingurinn** SJÓNVARPIÐ



► **22.00 The Interpreter** STÖÐ 2 BÍÓ



► **19.10 KF Nörd** SÍRKUS



► **23.20 c.s.i.** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Hopp og hí Sessamí 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Suðandi stuð 09.23 Sígidlar teiknimyndir

09.30 HM í sundi Bein útsending.

11.20 Jón Ólafs

12.00 Spaugstofan

12.30 Tónlist er lífið (6:9)

13.00 Íslandsmótið í badminton Beint.

16.00 Maó (2:4)

17.00 Sannleikurinn um Eiffel-turninn (2:2)

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Stundin okkar (26:30)

18.30 Hæsnakofinn (2:4)

18.38 Óli Alexander filibomm bomm

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Tónlist er lífið (8:9) Sigrún Hjálmtýsdóttir segir frá lífi sínu og starfi. Fylgst er með Rússlönnum á tónleikum og rætt við Guðna Franzson klarinettuleikara.

20.40 Speer og hann (3:3) Þýsk heimildamynd í þremur þáttum um Albert Speer.

22.10 Helgarsportíð

► **22.35 Andstæðingurinn** Mynd byggð á sannsögulegum atburðum. Maður myrðir konu sína, börn og foreldra en rannsókn málsins sýnir að hann hefur lifað í lygi í 20 ár. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.40 Kastljós

01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Life Aquatic with Steve Zissou

08.00 Six Days, Seven Nights

10.00 Welcome to Mooseport

12.00 Cheaper by the Dozen

14.00 Six Days, Seven Nights

16.00 Welcome to Mooseport

18.00 Cheaper by the Dozen

20.00 The Life Aquatic with Steve Zissou Gamannmynd eftir höfund Royal Tenenbaums með Bill Murray í aðalhlutverki.

► **22.00 The Interpreter**

00.05 Blind Horizon

02.00 May

04.00 The Interpreter



07.00 Myrkfælnu draugarnir

07.15 Addi Panda

07.20 Barney

07.45 Stubbarnir

08.10 Könnuðurinn Dóra

08.35 Pocoyo

08.45 Doddi litli og Eyrnastór

08.55 Kalli og Lóla

09.10 Grallaramir

09.35 Kalli litli kanína og vinir

09.55 Litlu Tommi og Jenni

10.20 Stóri draumurinn

10.45 Ævintýri Jonna Quests

11.10 Sabrina - Unglingsnornin

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Sílfur Egils

14.00 Nágrannar

15.45 Meistarinn

16.35 Freddie

17.00 Beauty and the Geek

17.45 Oprah

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.15 Kompás

► **19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknunum sínum í mest verðlaunaða sjónvarpsþætti Íslandssögunnar.

20.25 Cold Case Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.

21.10 Twenty Four Jack er í kapphlaupi við tímann en fundur með fyrrverandi forseta Bandaríkjanna veitir honum mikilvægar upplýsingar í leitinni að kjamorkusprengjunum.

22.00 Numbers Önnur þáttaröð þessa bandaríska sakamálaþátta sem fjallar um stærðfræðisnilling sem aðstoðar bróður sinn, yfirmann hjá FBI, við að leysa snúin sakamál.

22.45 60 mínútur

23.30 X-Factor Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.

00.50 X-Factor - úrslit símakosninga

01.20 Inside Out Við kynnumst lífi í suðurafrískum smábæ. Athylisverð og vönduð kvikmynd. Aðalhlutverk: Gilda Blacher, Philip Moolman. Leikstjóri: Neal Sundstrom.

02.55 The Kindness of Strangers

04.05 The Kindness of Strangers

05.10 Cold Case

05.55 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SÍRKUS TV

15.50 Da Ali G Show (e)

16.20 Dirty Dancing

17.15 Trading Spouses (e)

18.00 Fashion Television (e) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

18.30 Fréttir

► **19.10 KF Nörd** Logi Ólafsson þjálfari Nördanna grípur á það ráð að senda Nördana í sveit. Þar sem Nördarnir hafa fengið stjómmeðferð að undanförmu grípur Logi á það ráð að koma þeim niður á jörðina. Þuða þeir og strita í íslensku bænda-samfélagi og þar sem þeir eru þangað komnir er ekki úr vegi að leika knattspyrnu við sanna karlmenn úr sveitinni.

20.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælustu gamanþáttum heims og er þessi myndin en fyrri!

20.30 The Nine (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem enginn nema þau sem haldið var í bankanum skilja.

21.15 Smith (e) Bobby virðist á yfirbörðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem færir vita er að Bobby er einnig þjófur. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starky and Hutch).

22.00 Say It Isn't So

23.35 Janice Dickinson Modeling Age (e)

00.20 Dr. Vegas (e)

01.05 Sírkus Rvk (e)

01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt um fjöllum vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg

12.00 According to Jim (e)

12.30 MotoGP - Hápunktar

13.30 Snocross (e)

14.00 High School Reunion (e)

15.00 Skólahreysti (e)

16.00 Britain's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 The O.C. (e)

18.55 Hack (e) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse, á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.

19.45 Top Gear (7:23) Vinsælasti bílþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárlíði og áhugaverða umfjöllun.

20.40 Psych (8:15) Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.

21.30 Boston Legal (13:22) Bráðfýndið lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston.

22.30 Dexter (7:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingiann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Lögreglan kemst loks á spor kælibílsmorðingjans en Dexter er ekki viss um að hún sé á réttri braut.

► **23.20 C.S.I.** (e) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas-borgar.

00.10 Heroes (e) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.

01.10 Jericho (e)

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

10.50 Að leikslokum (e)

11.50 Liðið mitt (e)

12.50 Fulham - Portsmouth (frá 31. mars)

14.50 Tottenham - Reading (beint)

17.00 Liðið mitt (e)

18.00 Eggert á Upton Park (e)

18.25 Roma - AC Milan (beint)

20.30 Newcastle - Man.City (frá 31. mars)

22.30 Charlton - Wigan (frá 31. mars)

00.30 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON GRÍNISTI

SJÁLFASTÆTT FÓLK - í kvöld kl. 19:50



skemmtilegri

nýtt áskriftartímabil hefst 4. apríl

OPIN ÚTSENDING Í KVÖLD



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50
Sjálftætt fólk

Í kvöld fáum við að kynna betur grínaranum Pétri Jóhanni Sígússyni sem er frægur úr þáttunum Strákarnir, 70 mínútur, Svínasúpan og Stelpurnar. Fáir íslenskir gamanleikarar hafa jafn mikið að gera og Pétur enda er hann sívinsæll og fyrirtæki slást um að fá hann til að auglýsa vörurnar sínar. Það hefur aldeilis margt breyst síðan hann vann hjá Byko enda er hann nú að eigin sögn „maðurinn“. Það er margt spennandi framundan hjá Pétri en hann er meðal annars einn af dómurum í Leitinni að strákunum sem hefst á Stöð 2 hinn 20. apríl auk þess sem hann er í aðalhlutverki í Næturvaktinni sem tekin verður til sýningar á Stöð 2 í haust.

▶ VIÐ MÆLUM MED
TÓNLIST ER LÍFIÐ
SJÓNVARPIÐ KL. 20.10

Í þessum þætti verður meðal annars talað við íslensku sópran-söngkonuna Sigrúnu Hjalmtýsdóttur, betur þekktá sem Diddú. Þá verður fylgst með Rússibönunum á tónleikum í Reykjavík þar sem fjörug eða tregablandin lög frá Austur-Evrópu og víðar skipa stærstan sess. Rætt er við Guðna Franzson klarín-ettuleikara á heimaslóðum, m.a. um margvísleg erlend áhrif á vinsæla tónlist héraðs.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	16.10 Vísindamaður á tali
08.05 Morgunandakt	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.00 Kvöldfréttir
09.03 Lóðrétt eða lárétt	18.25 Auglýsingar
10.15 Man ég fyrrum þyt á þökum	18.26 Seiður og hélog
11.00 Guðsþjónusta í Grafarholtssókn	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
12.00 Hádegisútlarp	19.00 Afsprengi
12.20 Hádegisfréttir	19.50 Óskastundin
12.45 Veðurfregnir	20.35 Sagnaslóð
12.55 Útvarpsleikhúsið: Svefnhjólið	21.15 Laufskálinn
13.40 Sunnudagskonsert	21.55 Orð kvöldsins
14.15 Söngvámál	22.15 Til allra átta
15.00 Sjónþing um Rúrí	23.00 Andarímur
16.00 Síðdegisfréttir	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.08 Veðurfregnir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 09.00 Sporðaköst II (Austurland)
09.30 Spænski boltinn (Barcelona - Deportivo)
11.10 Iceland Express-deildin 2007 (KR - Snæfell)
12.25 Gillette World Sport 2007
12.50 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
13.20 Meistarad. Evrópu í handbolta (Kiel - Portland San Antonio)
14.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Getafe og Real Zaragoza í spænska boltanum.
16.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Celta Vigo og Real Madrid í spænska boltanum. Hvað gera stjómurarnir á Real á lokasprettinum?
18.50 NBA deildin (Phoenix - Dallas)
21.20 PGA Tour 2007 Bein útsending (Shell Houston Open) Útsending frá lokadegi á opna Houston mótnu á PGA mótardönni í golfi. Ástralinn Stuart Appleby á titil að verja en í fyrra saúst mörg góð skor.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

- 6.05 Fandango 6.30 Lille Nörd 7.00 SportsNörd 7.25 Öreflip 8.00 Danni 8.30 Hannah Montana 8.55 Bernard 9.00 Mission integration 9.30 Arbejdsliv - find et job! 10.00 TV Avisen 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SKUM TV 10.45 Flemmings Helte 11.00 SPAM 11.15 Boogie Listen Countdown 11.30 Hjerteflimmer 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 DR-Derude: Damerne på Vallø 13.15 Hold masken 13.45 HåndboldSøndag: GOG Svendborg TGI - FCK Håndbold 15.30 Sigurds Bjørnmetimé 16.00 Familien Knurhår 16.25 OBS 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Forestillinger 19.00 21 Søndag 19.40 Søndagssporten med SAS liga 20.05 Dødens Detektiv 20.25 Snaphanernes krig 21.25 Den enfaldige morder 23.10 Boogie Listen 4.30 Elmers verden 4.45 Brum 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gns på eventyr 5.30 Noddy 5.45 Der var engang

NRK1

- 6.00 Nysgjerrige Nils 6.15 Lille Prinsesse 6.30 Disneytimen 7.25 Sauen Shaun 7.35 Hubert 7.50 Mini-kryp 8.00 Den dårligste heksa i klassen 8.20 Dunder 8.50 En vakker verden 9.00 Familiegudstjeneste fra Byåsen kirke i Trondheim 10.00 Eallima ravddas - På kant med livet 10.30 Betrakterens øye 11.30 Perspektiv: Aprilsnarr 12.00 Eggs 13.30 VM svømning 2007 15.10 Hovedscenen 15.35 Hovedscenen: Shangri-La 16.00 Pippi Langstrømpe 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Fest og folkeliv i Follidal 18.30 Et iskaldt kappløp 19.20 Eventyreren Thomas Crown 21.10 Kveldsnytt 21.25 Rally-VM: Rally Portugal 22.15 Nytt på nytt 22.45 Ingen grunn til begeistring 5.30 Påskemorgen 5.32 Mekke-Mikkel 5.45 Postmann Pat

SVT 1

- 6.00 BoliBompa 6.01 JoJo's cirkus 6.25 Pingvi 6.35 The boy 7.00 Manáid-tv 7.15 Disneydags 8.10 Lilla sportspegel 8.35 Grand Prix 9.25 Hej, vi hoppar på taken i Paris! 10.25 Stina! 11.25 Kung Harald fyller 70 år 12.25 Kobra 12.55 Keith on the road 13.25 Wer küsst schon einen Leguan? 13.55 Världen 14.55 När gräsrotterna tar över 15.25 Skolfront 15.55 Anslagsstavlán 16.00 Pippi Långstrump 16.30 Wild Kids 17.30 Rapport 18.00 Playa del Sol 18.30 Sportspegel 19.15 Agenda 20.10 Nya drömjobbet 20.40 Vetenskap - livet före livet 21.10 Rapport 21.20 Höök 22.20 Brottskod: Försvunnen 4.00 Gomoron Sverige



Austurland tækifæranna



Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, fríðsæll og fjölskylduvænn staður. Hátt í þúsund ný framtíðar-störf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útsundlaugar og frábært skíðasvæði. Þjónusta á Mið-Austurlandi færast stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg. Fallegar gönguleiðir eru við hvert fótmál, stærsti skógur landsins og góðir hálandisvegir. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaiþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölgar stöðugt. Einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listinnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða hátt í 300 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

www.alcoa.is

Síðustu 100 störfin í boði

Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafíðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátækniavæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Öll störf henta bæði konum og körlum.

Umsóknarrestur er til og með 2. apríl.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

Alcoa Fjarðaál





„Mér fannst ánægjulegast þegar formaður Morfis bað Jakob Möller um að taka ummæli sín sem hann lét falla í Héraðsdómi til baka. Morfis er stórgóð keppni sem hefur orðið fyrir fordómum og það var gott að formaðurinn skyldi koma henni til varnar.“

Ari Eldjárn, textaferðarmaður og handritshöfundur

HIN HLIÐIN NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR LEIKKONA

Leiðinlegast þegar Man. Utd tapar

Hvað er að fréttu? Alveg fullt að fréttu! En ætli það eigi ekki best við hér að segja þér að ég er að æfa söngleikinn Gretti sem verður frumsýndur í Borgar-leikhúsinu hinn 22. apríl næstkomandi.

Augnítur: Blár.

Starf: Leikkona.

Fjölskylduhagur: Í sambúð.

Hvaðan ertu? Frá Akureyri.

Ertu hjátrúarfull? Já, en ég reyni að berjast á móti því.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: America's Next Top Model, ég sit spennit yfir hverjum þætti og bið eftir leikrænum tilþrífum frá Tyru. Hún er svo yndisleg og sjónvarpsvæn þessi elska.

Uppáhaldsmatur: Kjöt með brúnni sósu og kartöflustöppu hjá ömmu á Akureyri.

Fallegasti staður: Hvítar strendur með kókostrjám við tæran túrkisbláan sjó og timburkofar úti í sjón-

um. Stefni á að komast þangað einhvern daginn.

iPod eða geislaspillari: Ég á hvorugt, svolítið nördalegt.

Hvað er skemmtilegast? Það er svo margt. Í dag verður skemmtilegast að velja afmælisgjöf handa Ara vini mínum sem heldur upp á tveggja ára afmælið sitt um helgina.

Hvað er leiðinlegast? Þegar Man. Utd tapar.

Helsti veikleiki: Fer eftir dagsforminu. En ég veit að ég get verið ansi þrjósk, sem ég vil reyndar frekar kalla ákveðni og staðfestu...

Helsti kostur: Best að láta aðra tjá sig um það.

Helsta afrek: Það er svo rosalegt... en það er leyndó, sorri.

Mestu vonbrigðin: Alltaf þegar einhver



segir: „Nei, það er ekki hægt.“ Því yfirlétt er það nú alveg hægt ef maður gefur sér tíma í það.

Hver er draumurinn? Að fá alla mína drauma uppfyllta... svo er bara að forgangsraða draumunum og vera ekki of frek.

Hver er fyndnastur/fyndust? Maðurinn minn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Að finna bílastæði í miðbænum.

Hvað er mikilvægast? Nú er mjög mikilvægt að Dóri Gylfa/Grettir nái sér í bakinu yfir páskana svo hann verði til í slaginn hinn 22. apríl.

ÓLI ÁSGEIR HERMANSSON: SAMHENTIR NEMENDUR Í LÖGREGLUSKÓLANUM

Löghlýðnasta nemendafélag landsins

„Þetta er nú ekkert í líkingu við lífið í Police Academy enda bjuggu þau öll á heimavist,“ segir Óli Ásgeir Hermannsson, nemi í Lögregluskóla ríkisins. Fréttablaðið komst á snodir um heimasíðu svokallaðs nemendafélags skólans þar sem sjá mátti myndir úr starfi skólans og þótt Óli Ásgeir vilji síður en svo kalla þetta „formlegt“ nemendafélag er ljóst að nemendur skólans halda hópinn fyrir utan strangt og stíft nám.

„Meðan við erum í skólanum þá er mikið líf, við förum saman í kvöldmat og hittumst fyrir utan skólann þegar svo ber við,“ segir Óli. „Og þetta er í það minnsta löghlýðnasta nemendafélag landsins,“ bætir Óli Ásgeir við og hlær. Alls eru 48 nemendur við nám í Lögregluskóla ríkisins og Óli segir nemendurna koma af öllu landinu.



MEL GIBSON Svaðilfarir Martins Riggs hafa yfirleitt ekki úrslitaáhrif þegar menn ákveða að ganga til liðs við laganna verði.

Athygli vakti á heimasíðunni þegar kennsla í mace-úðum fór fram og mátti sjá myndir af verðandi lögregluþjónum fá úðann í augun. Óli telur þetta vera eitt sársaukafyllsta námskeið sem völ er á um þessar mundir. „Nemendunum er skipt upp í nokkra hópa og svo gengur kennarinn á milli og sprautar úðanum í augun. Svo er okkur skipað að opna augun og þá upplifir maður alveg gríðarlegan sársauka enda hefur úðinn bæði áhrif á sjónina og öndunina,“ útskýrir Óli, sem telur þetta námskeið þó vera ákaflega mikilvægt fyrir lögreglumenn. „Þú verður að vita hvaða tæki og tól þú hefur í höndunum og prófið er til þess gert að menn séu ekki að nota úðann að óþörfu,“ útskýrir hann. Taka verður hins vegar skýrt fram að farið er að öllu með gát og hver sá sem fær úðann í augun er með aðstoðarmann og þau eru umsvifalaust hreinsuð með vatni eftir stutta stund.

Umræðan um virðingu almennings fyrir lögreglunni og starfi hennar hefur ekki farið framhjá nemendunum skólans en Óli segir að flestir viti að hverju þeir gangi. Og löggumyndir frá Hollywood hafi lítil áhrif á ákvörðun manna um að ganga til liðs við laganna verði. „Nei, ef þetta væri eitthvað Mel Gibson-starf væri það bara bónus,“



ÓLI ÁSGEIR Nemendur lögregluskólans halda hópinn fyrir utan hefðbundinn skóla.

segir hann og hlær. „Stærstur hluti nemendanna er fólk sem hefur verið í afleysingum hjá lögreglunni nokkur sumur. Lögreglustarfið er

ekki bara einhver maður út á götu heldur miklu fjölbreyttara starf með mörgum deildum,“ segir Óli. freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn liggur ekki fyrir hvort Arna Schram, formaður Bláðamannafélags Íslands, þekktist boð Sigurjóns M. Egilssonar um að taka sér stöðu hans við hlið sem aðstoðarráttgjafi DV en eins og fram hefur komið gleypti DV tímaritið Króníkuna í einum munnbita í vikunni. Þar var Arna aðstoðarráttgjafi. Fyrir liggur að úthaldsleysi þeirra sem stóðu að tímaritinu er Örnur, sem og þeim bláðamönnum sem réðu sig til Sigurjónar Daggar Auðunsdóttur ritstjóra, sár vonbrigði en Arna hafði og hefur mikla trú á konseptinu. Og mun ekki fallast á að mistök hafi verið að fara frá Morgunblaðinu til að skrifa í Króníkuna.



Reynir Traustason ritstjóri Mannlífs var á dögum boðaður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni vegna klógumála Lýðheilsustofnunar um að í tímaritinu væri að

finna áfengisauklýsingar. Reynir brást við með því að kæra á móti ÁTVR fyrir áfengisauklýsingar og skrifar svo hressilega grein í nýtt tölublað þar sem hann ræðst gegn möppudýrum, forsjárhyggju og forneskju sem hann finnur til dæmis hjá Ógmundi Jónassyni. Kallar reyndar þá hjá vinstri grænum vitleysinga. Skrif Reynis er að finna aftan á síðu sem auglýsir Heineken – premium quality bjór, og ljóst að Reynir segir sérkennilegu auglýsingabanni á áfengi og Lýðheilsustofnun stríð á hendur.



HERA Hera er nýkomin heim til Nýja-Sjálands eftir tveggja vikna dvöl í Bandaríkjunum.



Bandaríkjamenn sýna Heru áhuga

Tónlistarkonan Hera Hjartardóttir er nýkomin heim til Nýja-Sjálands eftir hafa verið í viðræðum við þrjú bandarísk plötufyrirtæki. Hera hélt þrenna tónleika á hátíðinni South by Southwest í Texas á dögum og hafði upp úr krafsinu mikinn áhuga útgefenda.

Strax eftir hátíðina flaug Hera til Los Angeles til að fylgja áhuganum eftir og dvaldi þar í tvo daga. „Ég fór á nokkra fundi en það er allt ennþá í skoðun. Það eru þrjú fyrirtæki sem ég talaði við í heildina en ég get eiginlega ekki sagt neitt meira,“ segir Hera, sem skemmti sér vel í Bandaríkjunum. „Þetta var ofboðslega skemmtileg ferð. Ég hélt ferna tónleika í Ameríku, eina í Stillwater í Oklahoma og þrenna í Texas,“ segir Hera. „Ég hélt tónleika á sviði rétt

hjá Austin í Texas sem voru sendir út beint á netinu. Þeir höfðu samband þegar ég var á leiðinni til Texas, maður sem heitir Hank Sinatra. Hann er búinn að halda tónleika rétt fyrir utan bæinn í 25 ár og það var ofboðslega skemmtilegt hjá honum.“

Auk áhuga Bandaríkjamanna fór Hera í viðtal hjá útvarpsstöðinni BBC World Series, sem sendir út um allan heim, þar á meðal til Afríku. „Það kom margt skemmtilegt út úr þessari ferð og það er alls konar fólk búið að hafa samband,“ segir Hera. Ætlar hún að dvelja í Nýja-Sjálandi á næstunni og stefnir m.a. á að taka upp myndband þar í landi. Býst hún ekki við að koma aftur til Íslands fyrr en sumarið 2008.



finna áfengisauklýsingar. Reynir brást við með því að kæra á móti ÁTVR fyrir áfengisauklýsingar og skrifar svo hressilega grein í nýtt tölublað þar sem hann ræðst gegn möppudýrum, forsjárhyggju og forneskju sem hann finnur til dæmis hjá Ógmundi Jónassyni. Kallar reyndar þá hjá vinstri grænum vitleysinga. Skrif Reynis er að finna aftan á síðu sem auglýsir Heineken – premium quality bjór, og ljóst að Reynir segir sérkennilegu auglýsingabanni á áfengi og Lýðheilsustofnun stríð á hendur.



BARNYARD
THE ORIGINAL PARTY ANIMALS

BT
KOMINN Í
VERSLANIR BT!

9. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

Sendu SMS JA BYF á 1900 og þú gætir unnið! Vinningar eru Barnyard á DVD, DVD myndir, Fullt af Pepsi og margt fleira!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þatt ertu kominn í SMS klúbbs. 99 kr/skeytið.

EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI

STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ

JOSH GROBAN

Í LAUGARDALSHÖLL
ÁSAMT SINFÓNÍU-
HLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR

AUKATÓNLEIKAR 15. MAÍ
VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

15. MAÍ 2007
MIÐASALA HEFST
4. APRÍL KL. 10:00

MASTERCARD FORSALA
3. APRÍL KL. 10:00




LÉTTÖL



KOMIN Í VERSLANIR



go to joshgroban.com



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24
alla daga



BAKÞANKAR

DAVÍÐ PÓRS JÓNSSONAR

Fátækt er ekki lögmál

Ég hitti einu sinni konu frá El Salvador. Hún sagði mér að landið væri sannkölluð matarkista en samt væri eynd og fátækt landlæg þar, sem ætti að vera algjör óþarfi. Vegna fríverslunarsamnings Ameríkuríkja væri hins vegar nánast allur matur fluttur úr landinu til Bandaríkjanna þar sem landeigendur fá betra verð fyrir hann. Í Bandaríkjunum hefur þessi sami samningur víst komið fjölda smábænda á vonarvöl vegna þess að þeir geta ekki keppt við ódýra, innflutta matvöru. Ég efast ekki um að þessi viðskipti hafi bætt kjör margra í báðum löndunum. Á hvorugum staðnum hafa þau þó bætt kjör þeirra bágstöðustu.


ÉG er ekki andvígur verslunarfrelsi. Hins vegar ber að líta til þess að um þessar mundir eiga sér stað víðtækar þjóðfélagsbreytingar víða um heim í kjölfar breyttra viðskiptahátta. Því miður stuðla þær ekki allar að auknum jöfnuði og betri lífsskilyrðum fyrir þorra fólks. Reyndar er þróunin sorglega víða einmitt þveröfug. Af þessum sökum hafa mannréttindasamtök í síaukunum mæli beint sjónum sínum að víðtæku félagslegu og efnahagslegu óréttlæti í ríkjum sem að öðru leyti kenna sig við frelsi og lýðræði, í stað þess að einskorða sig við réttindi samviskufanga og augljós og skipulögð mannréttindabrot ýmissa vopnaðra hópa og harðstjóra, sem þó er líka full þörf á.

ÞESSAR áherslur voru nýlega gerðar tortryggilegar í grein í The Economist sem fjallað var um í Morgunblaðinu. Þar eru mannréttindasamtök sögð á villigötum, þau séu farin að skipta sér af stjórnskipan og verslun sem eigi ekki að vera í verkahring þeirra. Þá átta menn sig ekki á þeirri einföldu staðreynd að stjórnkerfi sem neyðir örþirgð upp á þegna sína brýtur á þeim grundvallarmannréttindi, sama hve mikið viðskiptafrelsi og lýðræði ríkir þar að nafninu til. Fátækt hneppir fólk í fjöttra.

NELSON Mandela sagði: „Fátækt er eins og þrælshald og aðskilnaðarstefna að því leyti að hún er ekki náttúrulögmál. Hún er af manna völdum og það er í mannlegu valdi að þurrka hana út. Að eyða fátækt er ekki gustuka- verk, heldur er það liður í að verja grundvallarmannréttindi; réttinn til mannlegrar reisnar og boðlegs lífs.“

www.icelandexpress.is

Þú skemmtir þér konunglega í Stokkhólmi!



Zinkensdamm

Stockholm Pride 30. júlí – 5. ágúst
Þessa viku fer borgin algerlega á hvolf. Ein skemmtilegasta vika ársins, í öllum regnbogans litum!

Gamla Stan

GÁSGRÁND 4
Huggulegt veitingahús í kjallara í miðaldastíl.

SOFO

Kannski ekki alveg SOHO, en nóg af flottum verslunum og finu fólk!

Djurgården

Gröna Lund Tívolið
Hér hefur fólk skemmt sér síðan 1883! Frábært fyrir börnin. Og ekki síðra fyrir fullorðna sem eru í góðum tengslum við barnið í sér.

Vasa-safnið

Ólýsanleg ferð aftur til fortíðar. Vasa skipið er eina skipið í heiminum sem varðveist hefur frá 17. öld. Skip og munir sem hvergi annars staðar finnast. Sjá og höj!

Svona skaltu gera þetta:

Þú smellir þér á www.icelandexpress.is og bókar ódýrt fargjald til Stokkhólms í sumar. Notar vorið til að skipuleggja ferðina. Eða ekki. Fer eftir því hvernig týpa þú ert. Nýtur svo lífsins í Stokkhólmi því þar er nóg um að vera. Um leið og þú kemur heim byrjarðu að skipuleggja næstu ferð. Góða ferð!

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

www.icelandexpress.is



Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABIÓKERFI

Kraftmikill 360W RMS magnari - HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið - USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir bent af minntöskubúum og MP3 spílurum - Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



Kr. 49.900

LEPTO

THE NOTEBOOK COMPANY

- 4015-SE
- 15" XGA skjár
- Intel Pentium M750 1.86GHz örgávrí
- 512MB DDR2 háhraða vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- Innbyggður DVD/CD skrifari, þráðlaust netkort, modem, kortlesari o.fl.
- 4 x USB2.0 tengi og 1 x Firewire
- Allt að 5 kist. rafhlaðbúending



Kr. 89.900

Wii LEIKJATÖLVA

NÝ UPPLIFUN!

Nær 6 milljón Nintendo Wii leikjafólur seldar á 4 mánuðum um allan heim.

Kr. 29.900



Fermingargjöf frá Ormsson hljómar vel.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT